



18|03|2007

Farsæld til framtíðar

Iðnþing 2007

Útdráttur úr ræðu Jóns Sigurðssonar iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Yfirskrift Iðnpings að þessu sinni er „Farsæld til framtíðar“, en þetta lýsir frábærum árangri íslensku þjóðarinnar á sviði efnahagsmála og félagslegra umbóta. Þetta endurspeglast einna skýrast í ráðstöfunartekjum heimilanna sem síðasta áratuginn hafa vaxið árlega um 4½%, en það er mun meira en víðast er í samkeppnislöndunum.

Þessi góði árangur er engin tilviljun. Hann er fyrst og fremst afrakstur ótalmargra endurbóta stjórnvalda við að bæta umhverfi atvinnulífsins með einkavæðingu ríkisfyrirtækja, umbótum í skattamálum og almennri opnun efnahagslífsins í takt við alþjóðlega þróun. Afraksturinn hefur heldur ekki látið sér standa og íslensk fyrirtæki hafa vaxið og dafnað sem aldrei fyrr. Forsendur fyrir áframhaldandi vexti eru góðar, en það verður ekki nema með skýrri pólitískri framtíðarsýn og markvissri uppbyggingu.

Aukinn skilningur á mikilvægi opins hagkerfis fyrir almennar framfarir leiddi til þess að með raforkulögum árið 2003 voru skapaðar nýjar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Þar með lauk beinum forystuafskiptum stjórnvalda af uppbyggingu stóriðju – sem síðan hefur lotið markaðs-lögmálum um kaup og sölu raforku, ramma-löggjöf um umhverfispætti og vilja heima-manna á hverjum stað til slíkra framkvæmda.

Þessari þróun hefur bæði verið fagnað og hún gagnrýnd.

Vegna minnkandi beinna ríkisafskipta hefur hlutverk ríkisvaldsins orðið veigameira í skilgreiningu á ytri rammaskilyrðum. Þar vega málefni umhverfisins og vernd þeirra þyngst. Í samræmi við það var nýlega lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu umhverfis, samþættingu umhverfissjónarmiða



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Farsæld Góður árangur er engin tilviljun, sagði Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra.

við önnur sjónarmið með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Þessi væntanlegu lög tengjast öðrum væntanlegum lögum sem eru til umfjöllunar, nefnilega um samræmda heildaráætlun um nýtingu auðlinda og verndun umhverfis en hún á að taka gildi fyrsta sinni árið 2010. Nátengd þessu er vinna við 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem er langtímaáætlun um nýtingu orkuauðlindanna. Í þessum áfanga er einkum lögð áhersla á háhitasvæðin með hlíðsjón af bæði vinnslu- og verndunarsjónarmiðum. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki árið 2009.

Þessar breytingar munu leiða til þess að í framtíðinni verða gerðar ríkari kröfur til umhverfismálaframkvæmda og vegur þar sennilega þyngst að ákvörðunartaka heimamanna mun mjög mótast af umhverfismálum og samfélagslegum áhrifaþáttum.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er gjarnan nefnt nýsköpunarráðuneytið þar sem áherslur þess beinast fyrst og fremst að eflingu samkeppnishæfni landsins, t.d. með því að hlúa betur að tæknirannsóknnum, nýsköpun og atvinnuþróun. Meðal annars hefur verið lögð áhersla á sameiningu á rannsóknastarfsemi og stuðningsþjónustu iðnaðarráðuneytisins í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands – en tilgangur sameiningarinnar er einfaldlega að auka árangur okkar á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Með tillögum ráðuneytisins um Nýsköpunarmiðstöð Íslands stígur það sitt fyrsta skref í þáttöku í uppbyggingu öflugs vísinda- og tæknisamfélags í Vatnsmýrinni. Veigamikil spor hafa þegar verið tekin, samanber samning Háskólans í Reykjavík og borgaryfirvalda um starfsemi orkurannsóknaseturs og aukid samstarf á sviði kennslu, þróunar og rannsókna. Þá er undirbúningur fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni kominn vel á veg og er áætlað að byggingarframkvæmdir hefjist síðla á þessu ári.

Iðnaðarráðuneytið sér fyrir sér að samfélagið í Vatnsmýrinni verði uppspretta nýrrar þekkingar sem muni gagnast fjölþættri annarri starfsemi um allt land. Þar verði frjór vettvangur samstarfs háskóla, sprotafyrirtækja, nýsköpunar- og hátæknifyrirtækja, rannsóknastofnana og fleiri skyldra aðila.

Ég hef ákveðið að beita mér fyrir því að framlög til Tækniþróunarsjóðs verði aukin. Til grundvallar þessarar ákvörðunar liggur reynsla mín af störfum í Vísinda- og tækniráði og skilningur á mikilvægi þess að nýsköpun atvinnulífsins þarf að vega þyngra í atvinnupólitískri umfjöllun en verst hefur. Ég tel ekki ofmælt að framlög til Tækniþróunarsjóðs verði tvöfölduð á næstu fjórum árum – og verði einn milljarður árið 2012.

Ég tel að viðbótarframlagi til sjóðsins á

næsta ári, árið 2008, þurfi fyrst og fremst að verja til samstarfsverkefna með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins í þeim tilgangi að sameiginlega geti þessir sjóðir gert alvarlega atlögu að því að brúa nýsköpunargjana. Orðið „nýsköpunargjá“ vísar til misræmis sem verið hefur í opinberri fjármögnun.

Þá tel ég mikilvægt að með auknum fjárveitingum til Tækniþróunarsjóðs verði unnt að leggja nýjar áherslur – á sviðum þar sem helst er að vænta sérstaks árangurs fyrir framþróun atvinnulífsins. Ég er í raun að segja að vísinda- og tækniráð þurfi að huga meira að því að skilgreina áherslur í starfsemi inni út frá efnahagslegum hagsmunum atvinnulífs og þjóðar.

Menntun iðnaðarmanna hefur ætíð verið ofarlega á baugi í ykkar röðum. Nýsköpun atvinnulífsins byggist umfram annað á menntun á öllum skólastigum, og hafa þessir tveir málaflokkar oft fléttast saman í umfjöllun hér á Iðnpingi. Tækifæri til endurmenntunar eru nú fleiri og fjölbreyttari en nokkru sinnu fyrr og skólakerfið hefur tekið miklum stakkaskiptum síðustu áratugi. Íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir stöðugt harðnandi samkeppni en hún krefst nýrrar þekkingar og hugsunar. Þekking og færni verða stöðugt stærri hluti af virðisbætur og fyrir íslensk fyrirtæki, sem í alþjóðlegum samanburði eru lítil og veikburða, verður formlegt og náid samstarf þeirra á milli mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Til lengri tíma litið mun fátt nýttast framþróun íslensks atvinnulífs betur en að við hagnýtum sérstöðu og styrk okkar, hvarvetna sem hann er að finna – og yfirvinnum veikleika með því að tengjast fremstu háskólum og fyrirtækjum í veröldinni. Þannig treystum við aðgengi okkar að nýrri þekkingu og tengjumst verklagi og kröfum sem duga til sigurs – og farsældar til framtíðar.

Ný í stjórn og ráðgjafaráði

Í formannskjöri fékk Helgi Magnússon 98,08% greiddra atkvæða en aðrir fengu 0,41% greiddra atkvæða.

Aud og ógild atkvæði 1,51%.

Helgi Magnússon verður því formaður Samtaka iðnaðarins fram til Iðnpings 2008.

Kjör stjórnar og ráðgjafaráðs

Alls gáfu átta kost á sér. Í stjórn samtakanna hlutu þessi fjögur flest atkvæði og setjast í stjórn Samtaka iðnaðarins til næstu tveggja ára:

Adalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., hlaut 59.746 atkvæði.

Loftur Árnason, ÍSTAKI hf., hlaut 52.361 atkvæði.

Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðaáli sf., hlaut 50.314 atkvæði.

Sigurður Bragi Guðmundsson hlaut 27.144 atkvæði.

Fyrir í stjórn samtakanna eru Anna María Jónsdóttir, Laugum Spa, snyrti- og nuddstofu ehf., Ingvar Kristinsson, Landsteinum-Streng hf., og Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá ehf.

Þessir sex komu næst að atkvæðatölu og eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn samtakanna. Þeim er ráðað hér í stafrófsröð:

Bolli Árnason, GT Tækni ehf., Hilmar V. Pétursson, CCP hf., Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslagi ehf., og Vigfús Kr. Hjartarson, Bakameistarar ehf.

Kosningaþátttaka var 76,94%.

Útgefandi: Árvakur hf.

Umsjón efnis: Kristján Guðlaugsson.

Mynd á forsíðu: Brynjar Ragnarsson og Ólafur G. Guðlaugsson.

Umbrot: Morgunblaðið.

Auglýsingasala: Katrín Theódórsdóttir, s. 569 1105, kata@mbl.is

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins.

Dreift með Morgunblaðinu.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Fjölsótt Um 240 gestir sátu velheppnað Iðnping. Í ályktun þingsins segir m.a. að efla þurfi mannauð fyrirtækja í íslenskum iðnaði.

Ályktun Iðnpings 16. mars 2007

Hagvöxtur á Íslandi verður í framtíðinni drifinn áfram af fyrirtækjum sem reiða sig á vel menntað starfsfólk, ekki síst í iðn- og tæknigreinum. Efla verður raungreina-kennslu á öllum skólastigum og bæta árangur nemenda.

Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppspretta þess auðs. Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn. Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda og þess vegna koma Samtök iðnaðarins að rekstri skóla. Það er fagnaðarefni að menntamálaráðherra ætla að leggja hönd á plög við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Samtök iðnaðarins sýna vilja sinn í verki og

hafa ákveðið að verja verulegum fjárhæðum til þessa málaflokks.

Íslensk viðskiptabankahjónusta einkennist af fákeppni. Vaxtamunur, há lántökugjöld og uppgreiðslugjöld eru skýr merki um það. Viðskiptavinir bankanna geta ekki óhindrað flutt viðskipti sín til þeirra sem bjóða bestu kjörin. Ein ástæða þess er stimpilgjaldið en það dregur verulega úr samkeppni.

Stimpilgjaldið hefur æ minna gildi sem tekjustofn fyrir ríkissjóð en skaðsemi gjaldsins fer vaxandi. Til að ýta undir heilbrigða samkeppni bankanna og tryggja betur samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er nauðsynlegt að afnema stimpilgjaldið.

Skapa verður sátt um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og ná jafnvægi milli vermdar og nýtingar. Of langt er að bíða til ársins 2010 eftir nýtingar- og verndaráætlun, eyða

þarf óvissu sem nú ríkir bæði um verndun landsvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Þær ber m.a. að nýta til þess að skapa störf og útflutningsverðmæti. Gæta verður sanngirni gagnvart fyrirtækjum sem þegar eru starfandi.

Eðlilegt er að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu auðlinda en fyrirtæki í einkaeigu nýti en greiði fyrir. Auðlindagjald renni í sjód m.a. til eflingar rannsókna og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Samtök iðnaðarins krefjast þess að Alþingi sem kjörið verður í vor og næsta ríkisstjórn taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til alvarlegrar skoðunar og komist að niðurstöðu á kjörtímabilinu. Ná þarf sem víðtækastri samstöðu meðal stjórnmálaflokka, samtaka atvinnurekenda og launþega um stefnu þjóðarinnar í Evrópumálum.

Fyrirmynd annarra álvera



Álver Alcoa Fjarðaáls að Hrauni við Reyðarfjörð á að verða fyrirmynd annarra álvera sem fyrirtækið áformar að reisa á næstu árum. Áframleiðsla hefst í apríl 2007 og framleiðslugetan verður allt að 346.000 tonn af hleifum, börrum, kubbum og vírum á ári. Í Fjarðaálsverkefninu fékk Alcoa til samstarfs við sig verktaka-fyrirtækið Bechtel, verkfræðisamsteypuna HRV og arkitektastofurnar TBL. Notast verður við bestu fánlegu tækni og þekkingu á öllum sviðum framleiðslunnar.

Margt hefur verið gert til þess að auðvelda framkvæmdina, stytta framkvæmdatímann, tryggja öryggi starfsmanna og vernda umhverfið. Heildarframkvæmdatími er 40 mánuðir og gert er ráð fyrir að rúmlega sjö milljónir vinnustunda eða 3.500 mannár fari í verkið. Álver Alcoa Fjarðaáls er samtals um 90 þúsund fermetrar að stærð. Flytja þarf um 950.000 tonn af efni og búnaði til landsins. Suðurverk hefur flutt samtals um 6,8 milljónir rúmmetra af efni á svæðinu. Um þriðjungur af kostnaði við verkefnið fellur til á Íslandi og Íslendingar leggja jafnframt til um þriðjung heildarvinnustunda á framkvæmdasvæðinu.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu S. Guðmundsdóttur (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

Einvera og sambúð fjallkonunnar

Útdráttur úr ræðu Þorsteins Pálssonar ritstjóra

Markmiðið um farsæla framtíð er bæði háleitt og verðugt. Hitt er annað að það getur verið vafninga-samt að reyna að koma orðum að samhenginu á milli þess háleita markmiðs og hversdagslegra þrætuefna um stöðugleika, gengi og ást á okkar þjóðlegu krónu. Einhverjir láta sér reyndar slíkt samhengi í léttu rúmi liggja. Aðrir hafa á því fasta skoðun. Og svo eru þeir sem ekki sjá eða vilja sjá samhengi þeirra hluta,“ sagðir Þorsteinn meðal annars í ræðu sinni.

„Í gegnum tíðina hefur vafist fyrir ýmsum að finna rökrétt tengsl milli veru Íslands í sam-félagi þjóða og farsældar fjallkonunnar og hennar fólks. Það er þá helst að þeir hinir sömu sjái þau tengsl með öfugum formerkjum. Því óháðara sem Ísland er öðrum, þeim mun meiri líkur, séð frá þeim kögunarhóli, eiga að vera á farsælli framtíð.“

„Mörg ykkar hafa ugglaust upplifað þá reynslu að vera amma eða afi. Aðrir eiga það eftir, vonandi. Mín reynsla af því hlutverki end-urnýjaði fyrir ekki löngu gömul kynni af sígildri bók um Palla sem var einn í heiminum. Sú til-vera benti í fyrstu, eins og þið munið, til eins konar alsælu og lofaði góðu um farsæla framtíð. Tilveran varð hins vegar fljót tómlæg. Í vöku varð svo veruleiki flökinnna mannlegra sam-skipta, þar sem hver lagar sig að stöðu annars, að eðlilegri tilveru og jafnvel þotra fyrirheiti um farsæla framtíð og uppvöxt ein veran.

Sjálfstæði eða stöðugleiki

Pegar hér á að ræða fyrirbrigði eins og stöð-ugleika, gengi og krónu verður það ekki gert án tengsla við þann heim sem fjallkonan fríð til-heyfir. Einvera hennar er ekki kostur í stöðu samtímans. En eftir stendur spurningin: Geta of náin tengsl við aðra í alþjóðlegri fjölskyldu fjallkonunnar með einhverjum hætti orðið henni til tjóns eða gert framtíðarfarsæld henn-ar óvissa.

Þetta er auðvitað fullgild rökræða. Stöð-ugleiki fjölskyldulífs á þessu sviði kostar förmir eins og í öllum öðrum tilvikum. Fjölskyldulíf einstaklinga og þjóða lýtur svipuðum lögmálum að þessu leyti. Menn verða að viðurkenna að hér eru á báða bóga gild rök á vegasalti.

Fátt bendir til þess að krónan geti verið und-irstaða varanlegs stöðugleika. Það er ekki að gerast vegna þess að við höfum hagað okkur óskynsamlega. Hitt ræður meira þar um að við ráðum ekki við utanaðkomandi krafta sem lík-legir eru til að valda stöðugum hræringum í svo litlu myntsamfélagi. Spurningin er hvort meiri stöðugleiki er ekki í framtíðinni mikilvægari út frá almennum farsældarsjónarmiðum en það peningalega sjálfstæði sem við erum að varð-veita.

Nýtt mat á vogarskálarnar

Staðreynd er að íslenska krónan er einbúi í stórum heimi sem má sín litlís vegna smæðar og einangrunar. Pegar sú staða er virt er bæði rétt og skylt að meta hvort annað peningalegt um-hverfi er líklegra til þess að tengja okkur við þá farsæld sem við höfum ágreiningslaust sett á



Morgunblaðið/Halldór Sveinbjörns

Endurnýjun Nýjar aðstæður kalla á nýja hugsun, sagði Þorsteinn Pálsson, ritstjóri.

óskalistann fyrir framtíðina.

Með góðum rökum hefur verið sýnt fram á, af þeim sem gleggst þekkja til, að varhugavert væri að taka upp annan gjaldmiðil nema með fullri aðild að því myntsamfélagi. Spurningin er því sú: Á aðild að Evrópusambandinu að loka fyrir hugleiðingar um nauðsyn á nýju pen-ingalegu efnahagsumhverfi?

Pegar gömul mótrök eru vegin á móti vog-arskál breyttra aðstæðna kemur í ljós að ástæðulaust er að láta þau hefðbundnu sjón-armið útiloka slíkt mat. Með öðrum orðum: Ef niðurstaðan verður sú að við kjósum heldur nýtt umhverfi peningamálastjórnunar ætti spurningin um aðild að Evrópusambandinu ekki að þvælast fyrir í slíku uppgjöri.

Hvar liggur Þrándur í Götu?

Aðild að Evrópusambandinu er hins vegar ekkert einfalt mál þó að hún geti um margt ver-ið æskileg. Þeir sem hitann og þungann bera af landsstjórninni á hverjum tíma sjá réttilega fleiri en einn Þránd í götu. Lítum með sanngirni á nokkrar hindranir sem þeir þurfa að komast yfir áður en ákvörðun verður tekin um að stefna að fullri aðild.

Í fyrsta lagi hefur aðild nokkurn viðbót-arkostnað í för með sér umfram það sem EES aðildin kostar. Skattgreiðendur þarf að sann-færa um að þær krónur skili sér með sterkari pólitískri og efnahagslegri fötfestu í þeirri fjöl-skyldu í alþjóðasamfélaginu sem við eigum heima í. Hér þarf að skýra út samhengið milli skattgreiðslu dagsins í dag og langtíma heildar-hagsmuna þjóðarinnar. Sú röksemdafærsla þarf að vera sannfærandi.

Í annan stað: Eins og sakir standa er fram-tíðarþróun Evrópusambandsins nokkurri óvissu undirorpin. Slíkar aðstæður eru ef til vill ekki bein hindrun. Á hinn bóginn kalla þær á skýrari sýn af okkar hálfu hvert við viljum

stefna og í hvers kyns alþjóðasamfélagi við vilj-um hafa rótdýpi. Og svo vitum við að allt al-þjóðasamstarf breytist og þróast.

Í þriðja lagi: Lega landsins gerir það að verk-um að við þurfum á hverjum tíma að huga að samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Skattar ráða miklu þar um. Svigrúm til sjálfstæðra ákvarð-ana á því sviði er því mikilvægt. Þetta er ekki hindrun í dag en eigi að síður hagsmunir sem standa þarf vörð um. Þessir hagsmunir eru ekki síður mikilvægir en fiskveiðihagsmunirnir.

Í fjórða lagi: Margir óttast að hverfa í stóru samfélagi og drukna í reglugerðum þess. Mergur þess máls ætti þó að vera augljós. Við höfum þegar tekið við stærstum hluta þessara reglugerða. Viðbótin er minni breyting en sú sem varð með EES-samningnum. En þetta þarf að rökræða og skýra.

Í fimmta lagi. Í stuðningsmannaröðum allra flokka eru, reyndar í misríkum mæli, ólík við-horf til þessa álitaefnis. Það gerir for-ystumönnum þeirra eðlilega erfitt um vik að taka á málinu. Réttilega þarf því breiðari sam-stöðu en við höfum í dag meðal fólksins í land-inu áður en með góðum rökum er unnt að kalla eftir afgerandi forystu um málið á pólitískum vettvangi. Breið samstaða mikils meirihluta þjóðarinnar er forsenda þess að við getum hreyft okkur í þessu efni. Þetta er því ekki gott kosningamál í hefðbundinni kosningabaráttu.

Í sjötta lagi: Ákveða þarf fyrirfram þær leik-reglur sem hugsanleg aðildarumsókn á að lúta. Núgildandi stjórnskrá útilokar beinlínis aðild að Evrópusambandinu. Áður en að því kemur að hreyfa við aðildarumsókn þarf því að breyta þeirri skipan mála. Bara það formsatriði tekur sinn tíma.

Hvorki hvítt né svart

Að öllu þessu virtu má ljóst vera að hér er um flókinn feril að ræða þar sem horfa þarf til

margvíslegra sjónarmiða, kveða niður fordóma, fara yfir hindranir og leiðréttá misskilning svo fátt eitt sé nefnt. En flest bendir til að æskilegt sé að við tökumst á við þessi verkefni í þjóð-félagsumræðunni.

Evran myndi augljóslega kalla á meiri aga við efnahagslegar ákvarðanir. Það getur tekið jafnt til útgjalda ríkissjóðs sem kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Við höfum vanist því að leiðréttá óabyrgar ákvarðanir á þessum sviðum í gegnum gengi krónunnar. Sá mögu-leiki hyrfi. Það hefur kosti í för með sér ef við játumst undir meiri aga en ókosti ef við gerum það ekki. Hvað viljum við í því efni?

Verðum áfram eigin gæfu smiðir

Allir erlendir sérfræðingar sem leggja mat á íslenskt efnahagslíf hafa komist að þeirri nið-urstöðu að markaðsvæðing fiskveiðanna og fiskveiðistjórnunarinnar hafi verið forsenda efnahagsumskiptanna á undir lok liðinnar ald-ar. Skoðanakannanir sýna hins vegar að meiri-hluti þjóðarinnar vill nú veikja eða alfarið af-nema þær einkaeignarréttarlegu markaðslausrnir sem fiskveiðistjórnunin bygg-ist á. Efnahagslega stendur okkur meiri hætta af slíku afturhvarfi en frjálsri erlendri fjárfest-ingu Evrópusambandsins.

Aðild að Evrópusambandinu mun sem sagt ekki breyta því að við verðum áfram okkar eigin gæfu smiðir. Spurningin er bara sú hvort við metum það svo að til lengri tíma séum við betur sett með því að deila örlögum með þeim sem við eigum mest viðskipti við og hafa pólitíska fót-festu þar sem við eigum sameiginlegar rætur með öðrum um manngildi og lýðræði.

Við höfum í hálfan annan áratug á farsælan hátt fléttað saman þræði okkar með Evrópu-sambandslöndunum varðandi allan innri mark-að þeirra, vörur, þjónustu, fjármagn og fólk. Góð reynsla er komin á Schengen-samstarfið um vegabréf og lögreglumál. Í þessu ljósi þarf í raun og veru sérstakan rökstuðning fyrir því að stíga ekki skrefið til fulls.

Eigum að nýta tímann

Þeir sem telja að betri varanlegur stöðugleiki sé keppikefli ættu þar af leiðandi að geta fallist á að tími sé kominn til að huga að breyttu pen-ingalegu umhverfi. Allt mun það taka tíma og þarf að gera það. En það er ástæðulaust að missa tíma til nauðsynlegrar umhugsunar, rök-ræðu og hugsanlegra ákvarðana. Þar erum við stödd í þróunarferli umræðunnar. Við eigum að nýta tímann.

Vönduð skýrsla Evrópunefndar sem birt var í þessari viku er rökstuðningur fyrir því að við opnum þessa umræðu. Það er rangtúlkun á efni hennar að nota það til að loka umræðunni. Slík afstaða felur eiginlega í sér eins konar synda-kvittun fyrir þá sem alla tíð hafa barist gegn veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu, Fri-verslunarsamtökunum og Evrópska efnahags-svæðinu.

Nýjar aðstæður kalla á nýja hugsun og nýja lögun að þeim veruleika sem við blasir. Um-ræða um krónuna getur í því ljósi vissulega náð að tengja viðfangsefni næstu ára hugmyndum um farsæla framtíð fjallkonunnar og hennar fólks.

Sambúð fjallkonunnar lýtur einfaldlega sömu lögmálum og önnur fjölskyldutengsl.

Íslenska hagkerfið er þjónustuhagkerfi

Útdráttur úr ræðu Sigurjóns Þ. Arnasonar bankastjóra

Stór fyrirtæki hafa myndast á Íslandi og þróun iðn-aðarins hefur verið gif-urleg á undanförnum ár-um. En þrátt fyrir þetta er ríkið ennþá stór atvinnurekandi og framkvæmdaaðili í ýmsum geirum eins og til dæmis orkugeiranum, menntageiranum og heilbrigð-isgeiranum.“

Þetta sagði Sigurjón Þ. Árna-son, bankastjóri Landsbankans, meðal annars í ræðu sinni á nýaf-stöðnu Iðnþingi 2007.

Bankarnir á íslenskum höndum

Sigurjón lagði áherslu á það í ræðu sinni að útrás íslenskra fyr-irtækja hefði ekki orðið að veru-leika nema vegna þess að bank-arnir voru á íslenskum höndum. „Vegna þessa atriðis hefur



Morgunblaðið/Jim Smart

Hagsæld Þróun iðnaðarins hefur verið gífurleg á undanförnum árum, sagði Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, á Iðnþingi.

stuðningur við íslenskt atvinnulíf

orðið að veruleika og tryggður,“ sagði Sigurjón.

Ný kynslóð hefur tekið yfir í ís-lensku atvinnulífi, fólk á aldrinum 35–50 ára, en sömu sögu er ekki að segja um hið opinbera og alls ekki um Alþingi, að sögn Sig-urjóns.

„Kannski og vonandi munum við sjá sömu þróunina hjá hinu op-inbera og á Alþingi á þeim 13 ár-um sem eru til 2020,“ sagði Sig-urjón.

Sigurjón lagði áherslu á það að íslenska hagkerfið hafi breyst frá því að vera hráefnahagkerfi til að vera þjónustuhagkerfi.

„70% af störfunum eru nú í þjónustugeiranum. Þessi þróun er í rauninni góður mælikvarði á þró-un og proska íslenska hagkerf-isins,“ sagði Sigurjón.

Hann benti á að mikilvægasta hráefnið í þjónustugeiranum er þekking og kunnátta.

„Aðgengið að þessum þáttum er mikilvægasta atriðið til að tryggja

áframhaldandi framfarir í íslensku efnahagslífi.“

Hann spáir því að þjóðinni muni fjölga upp í 355 þúsund fram til 2020 og um 25–30 þúsund ný störf muni verða sköpuð miðað við að hagvöxturinn sé 3% á ári

„Styrkur okkar eru verðmætar og endurnýjanlegar auðlindir, opið hagkerfi og alþjóðleg tengsl, sveigjanleiki á öllum sviðum kerf-isins og áræðni og vinnusemi Ís-lendinga,“ sagði Sigurjón.

Hann sagði að efnahags-umhverfið og stofnanakerfið væri í öllum meginatriðum gott og í nokkrum tilvikum frábært.

„Þetta gildir um efnahags-umhverfið, vinnumarkaðinn, fjár-málamarkaðinn, samkeppn-isaðstöðuna, regluverkið, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Hætturnar eru hins vegar að var-anlegur stöðugleiki verði ekki tryggður í efnahagsmálum og að pólitísk óvissa gæti sent neikvæð-ar bylgjur inn í atvinnulífið,“ sagði Sigurjón.



Draumurinn er að rætast

ÍAV hefur hafið byggingu á tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfnina í Reykjavík. Húsið mun m.a. rúma stóran tónleikasal, æfingarsal Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kammertónlistarsal og ráðstefnusal. Með tilkomu hússins rætist langþráður draumur um fyrsta flokks aðstöðu til tónlistarflutnings, auk þess sem Ísland kemur sér enn betur á kortið sem spennandi kostur fyrir stærri ráðstefnur og fundi.

Húsið mun mynda kjarnann í gríðarlegri uppbyggingu á svæðinu, sem verður um 100.000 fermetrar þegar allt er talið.

Byggingin verður í eigu Totus sem sjá mun um rekstur hússins.

ÍAV eru stoltir að takast á við þetta stóra og krefjandi verkefni.





Sterkir Ragnhildur sér fyrir sér að bankarnir haldi áfram að vera sterkir í framtíðinni.

Grunnreksturinn verður að vera góður

Ragnhildur Geirsdóttir,
forstjóri Promens

Til þess að tryggja áframhaldandi vöxt í íslensku atvinnulífi finnst mér nokkur atriði skipta miklu máli. Eitt þeirra er að íslensk fyrirtæki séu vel rekin, að grunnreksturinn sé í góðu lagi og að það sé áhersla á skilvirkni og framleiðni,“ segir Ragnhildur.

„Frumkvöðlahugsunin er svo kannski númer tvö, þessi hugsun Íslendinga að vilja



góða tengingu við umheiminn, bæði að nemandur fari til útlanda að læra og að sam-

taka svoltið stór skref, það hefur gert mikið fyrir okkur og síðan í þriðja lagi finnst mér menntakerfið skipta gríðarlega miklu máli, bæði grunnskólamenntunin og ekki síst háskólamenntunin og þar finnst mér skipta mjög miklu máli að við höfum

skiptin við erlendar menntastofnanir séu góð.“ „Ég sé fyrir mér nokkra þætti eins og að bankarnir muni verða mjög sterkir eins og þeir hafa verið.“

Færri láglaunastörf

„Ég sé líka fyrir mér að fleiri fyrirtæki byggji upp alþjóðlegar höfuðstöðvar, eins og til dæmis Promens, Bakkavör, Össur og Marel hafa gert. Varðandi iðnaðinn held ég að það verði minna og minna af láglaunastörfum en meira þekkingartengd störf af

því að allt sem framleitt er byggist fyrst og fremst á þekkingu. Ég sé líka fyrir mér að ennþá meiri áhersla verði lögð á ferðaþjónustuna og það sem henni fylgir. Til þess að ná árangri eru nokkur atriði sem ég held að menn verði að varast og það er ekki hvað sist það að vita hvert við ætlum að fara ef við ætlum að halda áfram að vaxa, ekki fara fram úr okkur en vera mjög meðvituð um þá áhættu sem við erum að taka, þannig að þetta stefni nákvæmlega í þá átt sem við viljum þegar haldið er af stað,“ segir Ragnhildur.



Útskrift CCP hf. var brautskráð með viðhöfn úr Samtökum sprotafyrirtækja á nýliðnu Sprotabingi. Frá vinstri eru fjórir fulltrúar CCP þeir Helgi Már Þórðarson, Ívar Kristjánsson, Reynir Harðarson og Hilmar Veigar Pétursson. Í pontu er dr. Jón Ágúst Þorsteinsson sem afhenti verðlaunin.

Morgunblaðið/G.Rúnar

Íslendingar góðir þverfaglega

Hilmar Pétursson framkvæmdastjóri CCP

Ég held að Íslendingar hafi sýnt það gegnum tíðina að við erum einstaklega uppátækjasöm þjóð, hvort sem það er að byrja að skrifa bækur á myrkustu miðöldum, veiða fisk á hagkvæman hátt eða virkja land og þjóð,“ segir Hilmar Pétursson.

Ekki einblína á neitt eitt

Hann bendir á að Íslendingum hafi tekist gegnum tíðina að gera hið ómögulega, nefnilega að halda uppi lífskjörum á heimsmeilivörðum á þessari litlu eyju í N-Atlantshafi. „Ég held að fyrir framtíðina, þegar kemur að því að byggja á þessum grunni sem nú er kominn, sé mikilvægt að hafa umhverfið sem almennast og ekki einblína á neitt




rétt og hreyfa sig, en það er erfitt að koma auga á hvar framtíðin liggur, þess vegna er mikilvægt að kerfið sé almennt og einfalt og að stjórnvöld séu ekki að standa í atvinnuvegauppbyggingu.“

Nú verður að virkja fólkið

„Það sem hefur komið okkur hjá CCP best er hve Íslendingar eru góðir í þverfaglegum vinnubrögðum. Við viljum meina að þetta sé

eitt. Hvort sem það eru sýndarveruleika-samfélög, samheitalyfjagerð, stoðkerfi fyrir fólk eða barnaefni sem kennir fólki að borða



Morgunblaðið/Ásdís

Sýndarveröld myndin sýnir starfsmann CCP vinna að gerð tölvuleiks.

vegna þess að samfélagið er lítið, menn þekkja fólk með mismunandi bakgrunn og reyna ýmislegt sjálfir gegnum sína lífstíð. Þeir vinna með skóla, eru í byggingarvinnu, í fiskiðnaði, fara í sveit og annað slíkt, þannig að það er mjög sterkur sameiginlegur bakgrunnur sem hægt er að byggja ofan á og ég get vel ímyndað mér það að sýndarveruleikasamfélög, samheitalyfjagerð, barnaefnisgerð og annað slíkt sé mjög þverfaglegt í eðli sínu og Íslendingar eru mjög góðir í þessu,“ segir Hilmar.

„Nú höfum við Íslendingar staðið okkur vel í því að virkja landið, miðin og lífeyrissparnað okkar og ég held að nú sé komið að næsta tímabili þar sem við virkjum fólkið og þá er um að gera að allir lifi í umhverfi þar sem allir fá að spreyta sig og engum einum er hyglað umfram annan.“

Brautryðjandi í mannvirkjagerð á Íslandi

ÍSTAK hefur frá árinu 1970 verið í fremstu röð á sviði framkvæmda í tengslum við orkufrekan iðnað. Á vegum ÍSTAKS hafa á undanförunum árum starfað um 300 manns í verkefnum tengdum stóriðju.

Dýrmæt verkþekking og vinnuframlag starfsmanna ÍSTAKS myndi nýtast til frekari verkefna á þessu sviði og legði grunn að áframhaldandi hagsæld komandi kynslóða.

ÍSTAK
Traustur verktaki



Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga

Atvinnulífið 2020

Þekking, kraftur og þrautseigja

„Þessi eyja hefur reynt að drepa ykkur í 1.100 ár og það hefur mótað karakter og vinnuviðhorf íslensku þjóðarinnar,“ sagði erlendur sendiherra við mig ekki alls fyrir löngu, segir dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík

Svafa Grönfeldt

Barátta við náttúruöflin, veður, vinda, eldgos og einangrun hafa skapað einstaklinga með einbeittan vilja til að lifa af hvað sem er. Sendiherrann hefur rétt fyrir sér. Vinnuviðhorf okkar einkennist af orku og baráttuþreki sem vart á sér hliðstæðu.“

Fjölmörg tækifæri í framtíðinni

„Þetta endurspeglaðist í Íslendingasögunum af frásögnum af vikingum til forna. Þetta endurspeglast í lífshlaupi Íslendinga í gegnum erfiðustu tímabil sögu okkar og þetta endurspeglast nú síðast í útrásarbylgju íslenskra fyrirtækja sem er svo sterk að ýmsum nágrannaþjóðum þykir nóg um. Ef ég ætti kristalskúlu þá myndi hún án efa sýna þau fjölmörgu tækifæri sem íslenskt atvinnulíf hefur til vaxtar næstu áratugina ef okkur ber gæfa til að bæta virðisauka við grunnatvinnugreinar



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Menntasetur Háskólins í Reykjavík hefur haslað sér völl sem framsækið og öflugt menntasetur.



okkar og auka nýsköpun með virkjun þekkingar og þess krafts sem býr í þrautseigum Íslendingum. Við erum rétt að byrja,“ segir Svafa Grönfeldt. „Mikilvægasta

spurningin er hvers konar samfélag viljum við byggja til framtíðar? Við þurfum að hafa skýra sýn til að aðgerðir og ákvarðanir sem við tökum í dag skili okkur markvisst inn í framtíðina. Margar ákvarðanir sem við þurfum að taka í dag og varða atvinnu- og menntamál eru nátengdar og krefjast framsýni. Aukin alþjóðavæðing og öflugar samgöngur hafa breytt umhverfi nýrra kynslóða Íslendinga þannig að ungt fólk skilgreinir sig ekki lengur einungis sem Íslendinga heldur líta þau á sig í rík-

ara mæli sem Evrópubúa. Evrópubúa með fjölbreytt tækifæri til atvinnu og búsetu.“

Ísland hefur algera sérstöðu

Því skyldu þau velja Ísland? Hvað er það við þetta land sem gerir það frábrugðið öðrum? Verðum við í stakk búin til að bjóða fjölbreytt, samkeppnishæft vinnuumhverfi á komandi árum? Fjölmargar þjóðir sjá að baki bestu sonum sínum og dætrum til náms og starfa fjarri heimalandinu og tekst ekki að skapa aðstæður sem laðar þennan mikilvæga hóp aftur heim reynslunni ríkari. Síðan kalda stríðið leið undir lok hafa menn talað um minnkandi mikilvægi landfræðilegrar staðsetningar Íslands en frá sjónarhóli alþjóðavæðingar í viðskiptum er lega Íslands mikill styrkur og við getum nýtt það okkur til framdráttar. Staðsett mitt á milli austurs og vesturs. Þekkt fyrir

norraent síðferði, lífsgæði, frelsi og mannréttindi. Traust stjórnmálaástand auk baráttuanda, aðlögunarhæfni og hugmyndaauðgi sem enginn nema sá sem lifað hefur við krefjandi aðstæður getur þróað með sér skapar Íslandi algera sérstöðu.“

Gæði menntunar verði tryggð

„Samkeppnishæfni og lífsgæði þessa lands aukast einungis með öflugri uppbyggingu menntakerfisins. Það á jafnt við um grunnnám, hagnýta fagþekkingu sem og rannsóknartengt háskólanám. Aukin þekking övvar nýsköpun, við finnum frekar nýjar lausnir á gömlum vandamálum og virðisauki skapast með framþróun grunnatvinnuvega.“

Svafa segir að fjölbreytileg menntun og val til náms séu lykilatriði.

„Öflug fagþekking í bland við brautryðjandi vísindastarf er grunnur að öflugri nýsköpun. Við þurfum

að hafa skýra sýn á framtíð Íslands og tryggja gæði menntunar hér á landi sem og skapa öflug tengsl við erlendar menntastofnanir og fyrirtæki til að auka víðsýni og fjölhæfni okkar. Á Íslandi er og verður samkeppnishæfur vinnumarkaður til framtíðar ef við tryggjum fjölbreytt tækifæri til atvinnu með því að skapa hagstæð vaxtarskilyrði fyrir innlend og erlend fyrirtæki og ekki síst með menntakerfi á heimsæliskvarða og samþættingu fagþekkingar og háskólamenntunar til nýsköpunar.

Það Ísland sem mun lifa af 21. öldina byggir þjóð sem hefur sérfræðiþekkingu en hefur bæði sveigjaleika og þverfaglega færni til að bera, er virkur þátttakandi í alþjóðlegu viðskiptalífi og nýtir landfræðilega legu landsins og baráttuþrek þjóðarinnar sér til framdráttar,“ segir dr. Svafa Grönfeldt.

Reykjavík verði alþjóðleg orkumiðstöð

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Útrás Íslendinga hefur á undanförnum árum tekið til fjölmargra þátta og ég er þess fullviss að næsta útrás Íslendinga verði á sviði endurnýjaðrar orku og nýtingar náttúruauðlinda í þágu heimsins alls,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri.

Alþjóðlegur háskólabær

„Hann segir að Íslendingar séu nú þegar með forystu og með yfirburða þekkingu á þessu sviði og nefnir í þessu sambandi að stefnt sé að því að Reykjavíkurborg hafi árið 2020 skipað sér sess sem alþjóðleg miðstöð umhverfisrannsóka og grænnar orkunýtingar.

„Til þess að ná þessu markmiði er gríðarlega mikilvægt að samstarf Reykjavíkurborgar og háskólanna beggja verði mjög náð enda er það forsenda þess að Reykjavík geti orðið sterkur, alþjóðlegur háskólabær með áherslu á þekkingariðnaðinn. Háskólastofnanir og þekkingarfyrirtæki í Reykjavík munu gegna þar lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn með því að tengja saman háskólaumhverfið og rannsóknarstofnanir í hjarta borgarinnar,“ segir Vilhjálmur.

Að hans mati er Reykjavíkurborg menningarborg og á eftir



Morgunblaðið/Golli

Framför Árið 2020 verður ekki lengur rætt um vanda í sambandi við þjónustuúrræði fyrir eldri borgara, spáir Vilhjálmur.

að styrkjast sem slík enda vaxandi í því sviði eins og lista- og menningarviðburðir á borð við Listahátíð, Menningarnótt, Gay Pride og nýafstaðin Vetrarhátíð sýni og sanni.

„Reykjavík er þegar orðin heimsborg sem laðar að sér menningarviðburði og samkomur og árið 2020 munu möguleikar okkar hafa styrkst enn og styrkt borgina, en þetta mun enn styrkjast þegar nýtt Ráðstefnu- og tónlistarhús hefur risið og tekið til starfa.“

Jafnrétti, frelsi og lýðræði

„Árið 2020 verður ekki lengur rætt um vanda í sambandi við þjónustuúrræði fyrir eldri borgara, hvort heldur um er að ræða búsetuskilyrði, atvinnuúrræði eða fé-

lagsleg réttindi og við eigum að nota tímann vel fram að þessari dagsetningu og búa þannig um hnútana að þjónustu- og félagskerfi okkar virki þannig að við þurfum ekki að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að þeir sem minnst mega sín í samfélaginu njóti ekki þeirra borgaralegu réttinda sem okkur öllum þykja svo sjálfsögð. Þeir sem minna mega sín eiga ekki endalaust að þurfa að vera í linnulausri baráttu fyrir réttindum sínum, ekki í einu af ríkustu löndum heimsins.“

„Í mínum huga snýst framtíð Reykjavíkurborgar um að standa undir nafni sem borg sem er þekkt fyrir frelsi, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti,“ segir Vilhjálmur að lokum.

Finnbogi Jónsson

Það hefði engan órað fyrir því, fyrir örfáum árum, að á árinu 2006 yrði hagnaður viðskiptabankanna þriggja meiri en heildarútlutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða það árið, 160 milljarðar króna á móti 125 milljónum króna,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Sprotarnir munu verða stórir

Finnbogi segir að vöxtur og sókn bankanna sé ótrúleg staðreynd. Hún sýni hins vegar einstakan árangur í íslensku atvinnulífi og hverju þekkingarþjóðfélagið fái áorkað ef rétt er að málum staðið.

„Þessi staðreynd sýnir jafnframt hvað við eigum mikla möguleika með því að virkja mannauðinn og hvað við getum með því að leggja enn frekari áherslu á rannsóknir og þróunarstarfsemi og með fjárfestingu og stuðningi við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.“

Hann segir að það sé engin spurning í sínum huga að einhverjir af þeim sprotum sem eru rétt að festa rætur í dag eigi eftir að þróaast á næstu 13 árum í það að verða árið 2020 sambærileg fyrirtæki á við það sem Össur og Marel eru í dag.

„Ég get í fyrsta lagi nefnt sem dæmi orku- og umhverfismál.

Þessir málaflokkar verða mikið í sviðsljósinu í heiminum á næstu árum og þar eigum við ýmsa möguleika ... m.a. á sviði tækni til bættrar orkunýtingar og í þekkingu í virkjun endurnýjanlegra orkugjafa. Ég held að við eigum eftir að sjá mikla útrás á þessu sviði og beina þátttöku okkar í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í öðrum löndum með tilheyr-



andi áhrifum hér heima. Notkun á innfluttu eldsneyti mun minnka á næstu árum og ég tel að árið 2020 verði annar hver bíll sem verður fluttur til landsins það ár útbúinn þannig að hann geti nýtt innlenda vistvæna orkugjafa.

Í öðru lagi sé ég mikla möguleika í ýmskonar heilsutengdri atvinnustarfsemi, líftækni og erfðatækni. Aukin velsæld um allan heim og lengri lífaldur kallar á aukna þjónustu sem getur skapað okkur margvísleg tækifæri á þessu sviði.“

Afþreying, menning og fiskur

„Í þriðja lagi vil ég nefna ýmiss konar iðnað sem tengist afþreyingu, listhönnun og menningu. Ég held að við eigum mikla möguleika á þessu sviði og það er margt að gerast á þessu sviði hjá okkur í dag.

Í fjórða lagi vil ég nefna sjávarútveginn og margvíslega iðnaðarstarfsemi sem honum tengist. Þetta verður áfram mjög mikilvægt svið í okkar atvinnustarfsemi þótt hlutfallslegt vægi kunni að minnka. Ég sé m.a. fyrir mér að á tímabilinu komi til ný tækni í fiskveiðum og fiskeldi og flutningi afurða á markað. Ég tel að árið 2020 munum við ekki eingöngu sjá enn meiri útflutning á ferskum fiski en nú er heldur einnig útflutning á lifandi eldisfiski. Við munum sjá aukna útrás íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja en á undanförnum árum hefur greinin verið hálfflömuð gagnvart nýsköpun og nýjum vaxtarmöguleikum vegna kaupar á eigin bréfum út af hlutabréfamarkaði hér heima.“

Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

Við getum vænst farsældar og árangurs

Útdráttur úr ræðu Helga Magnússonar, formanns SI

Hvert stefnir íslenskt atvinnulíf og þjóðlíf eftir að hafa tekið stakka-skiptum á ótrúlega skömmum tíma? Getum við vænst áframhaldandi góðs árangurs – getum við búist við farsæld til framtíðar í þessu landi? Já, við getum vænst árangurs. En til þess að svo megi verða þarf flest að ganga upp. Þá þurfum við að sigla gegnum næstu ár án stórra áfalla í efnahagsstjórnun og stjórnmálum bæði hér heima og erlendis.

Stöðugleiki og hagvöxtur

Þá þurfum við stöðugleika, áframhaldandi hagvöxt, bærulega sátt um nýtingu og verndun náttúruauðlinda, við þurfum skilning á mik- ilvægi verðmætasköpunar í atvinnulífinu og það þarf að auka jafnvægi milli peningahyggju og velferðar.

Það þarf meiri umræðu og meiri sátt um það hvernig þjóðfélag við viljum hafa hérna – hvaða kröfur fá staðist á ýmsum sviðum og hvernig á að skapa verðmæti til að geta orðið við þeim kröfum.

Okkur hefur flestum þótt sjálfsagt að sækja meira fé í sameiginlega sjóði til menntamála, heilbrigðishjónustu, til almannatrygginga, sam- göngumála og annarrar opinberrar þjónustu fyrir landsmenn. Samhliða þessu höfum við byggt upp eitthvert frambærilegasta lífeyr- issjóðakerfi á Vesturlöndum.

Allt kostar þetta – og peningarnir verða ekki til af sjálfu sér. Peir verða til í atvinnulífinu og skattar til ríkis og sveitarfélaga koma frá fólki og fyrirtækjum af þeim tekjum sem þar verða til.

Verða fyrirtæki kosin burt

Helgi kom einnig inn á umræðurnar um stækkun álversins í Straumsvík og sagði: Ef farið verður út á þá braut að hafna verð- mætaskapandi fyrirtækjum – ef farið verður út á þá braut að kjósa fyrirtækin burt – getum við varla vænst þess að hér verði fyrirmyndarþjóð- félag að því er varðar opinbera þjónustu. Álverið í Straumsvík er bara eitt fyrirtæki – þótt stórt sé og mikilvægt. Verði það kosið burt má búast við að fólki finnist við hæfi að kjósa burt önnur fyrirtæki sem þykja fyrirferð- armikil, gróf eða ljót í umhverfinu. Hvað þá um loðnuverksmiðjur, fiskiðjuver og fyrirtæki í þungum og grófum iðnaði?

Megum við þá ekki vanta þess að farið verði að kjósa þau burt hvert af öðru?

Hugmyndir um að hrekja arðsöm fyrirtæki á brott eru nýjar á Íslandi. – Hvers vegna skjóta þær upp kollinum einmitt nú?

Svarið við því er augljóst. Það er vegna þess að nú um stundir er ekkert atvinnuleysi og velmegun er með mesta móti. Við slíkar aðstæður vinnðast ýmsir gleyma – eða vilja ekki muna – hvernig verðmætasköpunin í þjóðfélaginu byrjar. Hún byrjar í framleiðsl- unni. Hún byrjar í atvinnulífinu.

Aðstæður breytast hratt

En ég minni fólk á að það ber ekki allt upp á sama daginn. Aðstæður geta verið fljótar að breytast og þá gæti orðið afdrifaríkt að hafa hafnað blómlegum atvinnufyrirtækjum. Talað er um það að álver Alcan sé ofan í byggðinni í Hafnarfirði. Það er rétt en þannig var það ekki þegar álverið var reist fyrir 35 ár- um. Hafnirðingar hefðu frekar átt að hugleiða það fyrir mörgum árum hvert þeir ættu að beina byggðinni í bænum – eftir að álverið var komið á sinn stað. Dæminu hefur verið stillt upp með röngum hætti – það er byrjað á öfugum enda. Fólk verður að gera sér ljóst í hvaða tíma- röld þessar ákvarðanir voru teknar.

Ef Íslendingar telja að þeir eigi að kjósa burt fyrirtæki eins og álver Alcan og ef þeir telja að við eigum ekki að nýta vatnsafls- og jarð- varmaauðlindir okkar til frekari atvinnu- uppbyggingar í landinu, þá þarf fyrst að móta almenna stefnu um það hvernig þjóðfélag við viljum hafa hér.

Viljum við e.t.v. ekki gera þessar miklu kröf- ur til samfélagsins?

Þessu þarf að svara fyrst. Verði sú stefna of- an á að draga úr kröfum er væntanlega ekki eins brýnt að nýta auðlindir okkar til tekjuöfl- unar.

Mér finnst reyndar ósennilegt að Íslendingar séu reiðubúinir að fórna kjörum með minni verð- mætasköpun.

Of langt komin í peningahyggjunni?

Engu að síður er tímabært að staldra við og spyrja: Erum við e.t.v. komin of langt í pen- ingahyggjunni – viljum við snúa af leið efn- ishbyggjunnar og róa samfélagið niður og draga úr kröfunum? Er að birtast ný sýn á lífsgæði og lífsgildi hér á landi?



Morgunblaðið/Ómar

Bjartsýnn Við getum vænst áframhaldandi góðs árangurs, segir Helgi Magnússon.

Norðmenn eru byrjaðir að spyrja spurninga af þessu tagi, eins og fram kom á aðalfundi norskra iðnrekenda í byrjun þessa árs. Ein af helstu niðurstöðum Norðmanna á fundinum var þessi: „Noregur á meira en nóg af peningum, en peningar eru ekki allt. Okkur vantar höfuð og hendur sem breyta peningum í velferð og vinnu. Við erum á eftir í kapphlaupinu um hugvitið. Skyldu Íslendingar ekki þurfa að staldra bet- ur við og spyrja spurninga af þessu tagi? Ég leyfi mér að halda því fram að við séum þegar eitthvað farin að spyrja slíkra spurninga og að það sé bæði tímabært og brýnt.

Hvaðan hefur þetta frelsi og afl einkum komið?

Með áhrifum EES-samningsins og einkavæð- ingu ríkisfyrirtækja – einkum ríkisbankanna – sem kom meiri hreyfingu á framvindu í við- skiptalífinu en áður hefur gerst á Íslandi. Landnám Íslendinga erlendis mun halda áfram, öllu íslenska atvinnulífinu til hagsbóta. Smáþjóðin hefur sýnt að hún getur þetta. Minnimáttarkennd hefur breyst í sjálfstraust – þreifingar hafa breyst í öguð vinnubrögð og fumlause fagmennsku.

Nýjar greinar bætast við. Þannig beinist nú athygli að nýrri útflutningsstöriðju Íslendinga á sviði endurnýtanlegrar orku þar sem þekking er í fyrirrúmi.

Tökum vel eftir nöfnum fyrirtækja á því sviði – hvort sem um er að ræða ENEX, Geysi Green Energy, HydroKraft Invest eða önnur sem eiga eftir að koma fram á sjónarsviðið.

Þessi fyrirtæki byggjast öll á íslenskri þekk- ingu og hefð á sviði orkuframleiðslu.

Pau eru dæmi um árangur af því að Íslend- ingar hafa borið gæfu til að nýta auðlindir sínar. Ekki setið hjá – heldur framkvæmt, þróað og byggt upp til velfarnaðar.

Það gildir um orkunýtingu og útflutning þekkingar á þeim vettvangi, eins og flest annað, að til þess að ná viðtækum árangri þurfum við að hafa markaða stefnu um nýtingu auðlinda og við þurfum að hafa mikinn metnað varðandi efl- ingu þekkingar og menntunar í landinu – á öll- um sviðum.

Það er því engin tilviljun að Samtök iðnaðar- ins hafa að undanförmu lagt megináherslu á menntamál. Menntun og mannauð.

Stakkaskipti á skömmum tíma

Atvinnulífið á Íslandi hefur tekið stakkaskipt- um á ótrúlega skömmum tíma. Atburðarásin er hröð og við erum fljót að gleyma hvernig var hér umhofs fyrir fáeinum árum. Nú er spurt hvort framhald verði á og því er svarað játandi – að uppfylltum tilteknum skilyrðum um starfsum- hverfi, stöðugleika og yfirvegun í landsstjórn. Á nokkrum árum hefur fjölbreytni atvinnu- lífsins aukist til mikilla muna. Stöðirnar eru nú miklu fleiri en áður, að ekki sé talað um fjöl- breytni.

Sjávarútvegur skipti þjóðina nánast öllu fyrir áratug. Nú skiptir hann áfram miklu máli og er ein af stöðunum en ekki eina meginstöðin. Upp að hlið hans hafa komið vaxandi iðnaður (há- tækniðnaður og stóriðja), stóraukin ferðaþjón-

usta og ört vaxandi fjármálastarfsemi sem hef- ur vaxið hraðar og af meira afli en nokkur þorði að spá fyrir nokkrum árum. Stórhugur og dirfska hafa aukist. Fyrirtækin hafa í auknum mæli látið verkin tala – bæði hér heima og erlendis. Sjálfstraust íslenska atvinnulífsins hefur vax- ið mikið – menn trúa á mátt sinn og megin. Auk- ið frelsi hefur leyst afl og orku úr læðingi.

Auðlindanýting og náttúruvernd

Hinn meginþátturinn, sem Samtök iðnaðar- ins hafa að undanförmu lítið á sem grundvall- arviðfangsefni, er stefnumótun í auðlindanýt- ingu og náttúruvernd.

Of langt er að biða til ársins 2010 eftir nýt- ingar- og verndaráætlun. Henni þarf að ljúka mun fyrr og eyða þeirri óvissu sem nú ríkir bæði um verndun landsvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Eðlilegt er að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu orkulinda en fyrirtæki í einkaeigu sjá um beisl- un þeirra og greiði fyrir nýtingu. Það á að gilda um allar auðlindir þjóðarinnar.

Í nýlegri umsögn Samtaka iðnaðarins til Al- þingis um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum segir m.a. að fram hafi komið hugmyndir um stofnun Íslenska auð- lindasjóðsins sem eignaðist allar nýtanlegar náttúruauðlindir Íslendinga, en Víglundur Þor- steinsson, stjórnarformaður BM Vallár, hreyfði þeirri hugmynd á opnum fundi SI í nóvember sl. Þar lagði hann til að hluthafar sjóðsins yrðu all- ir íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Við það yrði miðað að hluthafarnir fengju greiddan arð af hlutafé sínu. Svipuð hugmynd hefur orðið að veruleika í Kanada með góðum árangri.

Á sprotapingi 2002 tók Jón Sigurðsson iðn- aðarráðherra undir hugmyndir um stofnun Auðlindasjóðs.

Í umsögn sinni tóku Samtök iðnaðarins undir það sjónarmið að stofna skyldi Auðlindasjóð.

Bæði iðnaðarráðherra og Víglundur Þor- steinsson eru meðal ræðumanna hér í dag og ekki þyrfti að koma á óvart þótt þeir gerðu fram komnar hugmyndir um Auðlindasjóð að umtals- efni.

Mikil breidd

Samtök iðnaðarins einkennast af breidd. Inn- an þeirra eru iðnmeistarar og handverksfólk í hinum ýmsu greinum, margskonar fyrirtæki í verksmiðjuíðnaði, byggingarverktakar, jarð- vinnufyrirtæki, tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki, flókin tæknifyrirtæki, matvælaframleiðendur, prentsmiðjur, efnaiðnaður og stóriðjufyrirtæki svo nokkuð sé nefnt.

Við verðum þess vör að stundum er reynt að etja saman mismunandi hagsmunahópum og halda því fram að tiltekna greinar skemmi fyr- ir öðrum.

Ég tel að þetta sé í meginatriðum rangt. Við vinnum miklu frekar saman þannig að fyrirtæki finni stuðning hvert frá öðru en þegar um hags- munaárekstra kann að vera að ræða, þá er það hlutverk Samtaka iðnaðarins að miðla málum. Stefnan er sú að allir fái að njóta sín – hvort sem þeir eru stórir eða smáir, óháð því við hvað þeir fást og hvar á landinu.

Samtök iðnaðarins berjast fyrir bættum starfsskilyrðum og uppörvandi starfsumhverfi allra.

Ákvörðun um Evrópu

Það er kominn tími til að Íslendingar fái botn í áralanga umræðu um það hvort við ætlum að sækjast eftir aðild að ESB og taka upp evru eða sigla okkar sjó um allanga framtíð með ís- lensku krónuna sem framtíðargjaldmiðil. Umræðan um þessi mál hefur verið al- gjörlega óviðunandi hér á landi. Hún hefur því miður ekki farið fram af neinni yfirvegun og skynsemi. Hún hefur verið sundurlaus og hættuleg. Því miður hefur stundum vantað upp á að menn gæti orða sinna og gefið yfirlýsingar sem hafa verið til þess fallnar að grafa undan trausti gagnvart Íslendingum.

Stærri fyrirtæki eru smám saman að segja skilið við krónuna með því að færa fjármál sín yfir í erlenda mynt, eðlis viðskiptanna vegna, og nú síðast skrá hlutabréf sín í erlendri mynt. Þetta hefur verið orðað þannig að evran sé að koma inn bakdyramegin.

Allt er þetta spurning um tíma. Er ekki rétti tíminn einmitt kominn á Íslandi fyrir vitræna umræðu um Ísland og Evrópu með ákvörðun – af eða á – að markmiði. Er sá tími ekki strax eftir kosningarnar 12. maí? Við lítum þannig á að þessi mál eigi að leida til lykta á næsta kjör- tímabili.

Það er sú krafa sem við gerum til þeirra sem verða kjörnir til setu á Alþingi í vor og til þeirr- ar ríkisstjórnar sem þá verður mynduð. Ef góð- ur meirihluti næst á Alþingi fyrir því að láta reyna á aðildarumsókn á grundvelli skil- greindra samningsmarkmiða og sé atvinnulífið og verkalýðshreyfingin því fylgjandi – þá á að láta til skarar skríða fyrr en seinna.

Næsta þing og næsta kjörtímabil ráða úrslit- um.

Verði ekki samhugur um það getum við hætt að fjalla um þessi Evrópumál – í bili að minnsta kosti – því að umræðan eins og hún er núna skadar aðeins samfélagið.

Lækkun skatta

Það er eðli samtaka af þessu tagi að berjast fyrir lækkun skatta. En við teljum okkur hafa sterk rök fyrir því að lægri skattar leiði til vel- farnaðar með því að auka framtaksemi, starfs- vilja og athafnaþrá fólks og fyrirtækja.

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl barist fyrir lækkun virðisaukaskatts af matvælum, mat- arskatts, og afnámi vörugjalda af iðn- aðarvörum. Hinn 1. mars sl. var stigið stórt skref í átt til lækkunar eins og kunnugt er. Við fögnum þessu skrefi og færum stjórnvöldum þakkir.

Að lokum

Hér að framan hef ég haldið því fram að Ís- lendingar geti vænst áframhaldandi velgengni þegar reynt er að rýna næstu 10–15 ár fram í tímann.

En þá þarf ýmislegt í umhverfinu að ganga upp með jákvæðum hætti eins og fram hefur komið.

* Við verðum að búa við stöðugleika og frið á vinnumarkaði.

* Vaxtastigið verður að fara hratt niður.

* Það þarf festu í landsstjórninni. Stjórn- arkreppa eftir kosningar í vor gæti hleypt verð- bólgu á skrið og grafið undan kjörum fólks og fyrirtækja eins og við upplifðum á áttunda og níunda áratugnum.

Forðumst endurtekningu á því.

* Það er forgangsverkefni að ná viðunandi sátt um stefnu í auðlindanýtingu og nátt- úruvernd.

* Við þurfum að sýna fullan skilning á mik- ilvægi mannauðs og menntunar ef við ætlum ekki að dragast aftur úr í harðri samkeppni nú- tímans.

* Komast þarf að niðurstöðu í Evrópumálum.

Og síðast en ekki síst:

Við þurfum að tileinka okkur rétta hug- arfarið. Gleymum ekki grundvallaratriðum. Við fjöllum hér mikið um verðmætasköpun – hún er vissulega undirstaða veraldlegrar velsældar og hagvaxtar.

Peningar skipta máli en peningar eru ekki allt.

Við Íslendingar þurfum að auka jafnvægi peningahyggju og velferðar til að ná aukinni sátt í hinu dvergsmáa samfélagi okkar.

– – –

Ég minni ykkur á gamlan húsgang. Hann er mikið umhugsunarefni nú á tímum:

Margur áginnist meira en þarf, maður fór að veiða skarf, hafði fengið fjóra. Elti þann fimmta, en í því hvarf niður fyrir bjargið stóra.

Verum hjartsýn og stöndum okkur vel í verð- mætasköpuninni.

En látum græðgina ekki ráða för – svo að við hverfum ekki niður fyrir bjargið stóra.

Kynnir kannanir SI um Evrópumál

Í tengslum við Iðnþing hefur skapast sú hefð undanfarin ár að Samtök iðnaðarins kynna viðhorfskannanir um ýmis efni. Kannanir um Evrópumál og stöðu og horfur í iðnaði hafa skipað fastan sess. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hefur haft umsjón með þessum könnunum og kynnti þær félagsmönnum á aðalfundinum á föstudaginn. Í samtali við Morgunblaðið kom fram að kannanir um Evrópumálin eru gerðar af Gallup fyrir Samtökin með reglulegum hætti frá árinu 2000.

Byggjum ákvarðanir á traustum grunni

„Við eigum orðið nokkuð góða mynd af viðhorfi almennings og okkar eigin félagsmanna til Evrópumálanna í bráðum sjó ár,“ segir Jón Steindór.

„Ástæðan fyrir þessum áhuga okkar á því að gera þessar kannanir er einföld. Samtök iðnaðarins hafa ætíð verið mjög áhugasöm um aðgang að mörkuðum og fríverslun. Það er liður í því að tryggja að starfsskilyrði séu samþæring við það sem best tíðkast í samkeppnislöndunum. Af sömu ástæðum studdu Samtök iðnaðarins aðildina að EFTA á sínum tíma og börðust fyrir samþykkt EES-samningsins en það mál var mjög umdeilt á sínum tíma. Eðlilegt framhald er í margra huga aðild að ESB og upptaka evru í stað krónu. Það hefur verið stefna Samtakanna og um það verið ályktað, m.a. á fyrri Iðnþingum. Enn er ályktað um mikilvægi þess að fá niðurstöðu í því máli. Við gerum okkur ljósa grein fyrir því að skiptar skoðanir eru um þessi mál og þess vegna er mikilvægt að byggja allar ákvarðanir á traustum grunni. Það gerum við með tvennum hætti, annars vegar með því að stuðla að og örva málafnalega umræðu um málið og kanna viðhorf til málsins. Ég fullyrði að engin samtök hafa kannað hug félagsmanna sinna til þessara mála betur en við.“

Eindreginn stuðningur við aðildarviðræður og evru

Hvað er það sem vekur mesta athygli í könnuninni meðal félagsmanna að þínu mati?

„Það er að alla tíð hefur verið mikill meirihluti sem vill taka upp aðildarviðræður. Núna eru það 62% en stuðningur við það hefur hæst farið í tæp 70% en lægst í 54%. Þeir sem eru andvígir hafa verið á bilinu 20 til 29% en eru núna 26%. Þeir sem vilja viðræður eru því meira en helmingi fleiri en þeir sem vilja þær ekki.“

Jón Steindór vikur næst að evrunni og segir:

„Það má ef til vill með sanni segja að við séum meiri áhugamenn um evru en ESB en þetta tvennt verður þó að mínu mati ekki í sundur slitið. Í öllum könnunum okkar hefur vel yfir helmingur viljað evru í stað krónu. Núna eru það 56% en 33% eru andvíg en 11% eru hvorki hlynnt né andvíg.“



Morgunblaðið/G.Rúnar

Kannanir Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, kynnti Evrópu-kannanir SI á Iðnþingi.

Góður samhljómur við skoðanir almennings

Þið gerið líka kannanir á viðhorfi almennings til aðildar að ESB. Af hverju er það?



„Það er rétt. Ástæðan er sú að það er tóm mál að tala um aðild ef almenningur er því mótfallinn. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst því yfir að málinu verði ráðið til lykta, ef til þess kemur, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Okkur til ánægju er mikill samhljómur milli skoðana almennings og félagsmanna okkar. Þegar litið er til baka má nánast segja að niðurstöður falli algerlega saman. Eina undantekningin er sú að félagsmenn okkar hafa verið mun jákvæðari í garð evrunnar. Á þessu virðist þó vera að verða breyting ef marka má nýjustu kannanir þar sem helmingur almennings er hlynntur því að taka upp evru en 38% er á móti. Þetta er í okkar huga mikilvægt. Því miður hafa þeir stjórnmálamenn, sem hafa haldið um stjórnartaumana undanfarin ár, ekki talið ástæðu til þess að hlusta eftir þessum viðhorfum. Fyrr eða síðar hljóta viðhorf meirihluta þjóðarinnar að ná eyrum þeirra.“

Mikil bjartsýni í iðnaðinum


Þú kynntir líka niðurstöður um stöðu og horfur í iðnaði um þessar mundir.

„Já, það er rétt. Þetta er í fjórða sinn sem við gerum slíka könnun en sú fyrsta var gerð 2004. Það er greinilegt á niðurstöðunum að það ríkir mikil bjartsýni. Rúm 60% telja aðstæður í efnahagslífinu hagstæðar fyrir iðnaðinn um þessar mundir en aðeins 15% telja þær slæmar. Til samanburðar má nefna að árið 2004 töldu 40% aðstæður

góðar en 24% töldu þær slæmar. Því má með sanni segja að hér hafi orðið mikill viðsnúningur. Það er augljóst að mikill uppgangur er í samfélaginu og iðnaðurinn hefur ekki farið varhluta af því. Það vekur líka athygli að flestir búast við að aðstæður verði svipaðar á næstunni. Óhætt er að segja að enginn bölmóður er í iðnaðinum og er það vel,“ sagði Jón Steindór.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



Dæmi um veltuaukningu hjá fyrirtæki sem NSA hefur fylgt í 8 ár.

Þetta viljum


við sjá!

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með fjárfestingum í arðvænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Við hugum að verkefnum þar sem saman fara nýsköpunargildi, líkur á arðbærri starfsemi og skortur á nauðsynlegu áhættufjármagni. Við stöndum þétt með þeim fyrirtækjum sem við fjárfestum í og leggjum áherslu á árangursríka stjórnun og góða ávöxtunarmöguleika.

www.nsa.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Húsi atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík





Morgunblaðið/Ómar

Höfuðstöðvar Marel hefur höfuðstöðvar sínar í Gardabæ en 2000 starfsmenn starfa í yfir 25 löndum og sex heimsálfum hjá fyrirtækinu.

Hættir eftir sex ár í stjórn SI

Eftir sex ára setu sem stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins lét Hörður Arnarson, forstjóri Marelsh ehf., af trúnaðarstörfum sínum á nýafstöðnu Iðnþingi. Síðustu tvö ár var Hörður varaformaður samtakanna og tók sem slíkur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun þeirra. Hann kveður stjórnarstarfið hafa bæði verið skemmtilega og jákvæða reynslu.

Sólarlagsákvæði

„Það var mjög ánægjulegt að taka þátt í þessu starfi, þetta er samhentur hópur sem vinnur heilshugar að hagsmunum íslensks iðnaðar. Auðvitað er um pólitískt starf að ræða, enda er nálega allt sem fyrir verður pólitískt að einhverju leyti, en það á þó ekkert skylt við flokkspólitík. Stjórnin hefur alla tíð borið hagsmuni íslensks iðnaðar fyrir þrjústi án tillits til þess hvort það hafi fallið stjórnvöldum og stjórnmálamönnum í geð eða ekki,“ segir Hörður.

SI vinna á lýðræðislegan hátt, kosið er í stjórnina og sitja stjórnarmenn í ákveðinn tíma uns þeir víkja úr sæti fyrir nýjum stjórnarmönnum.

„Samtökin byggjast á svokölluðum sólarlagsákvæðum þannig að stjórnarmenn sitja ekki lengur en sex ár í stjórn sem er mjög jákvætt og lýðræðislegt og skapar óneitanlega ferskt andrúmsloft. Það er öflugt lýðræði innan SI og að mínu mati eru engin samtök með eins opna stefnumótun. Stjórnin og starfsmenn funda á hverju ári og leggja til áherslur fyrir starf samtakanna á hverju ári. Þær hugmyndir fara síðan fyrir sérstakt ráðgjafaráð sem fjallar um forgangsröðunina áður en hún er endanlega samþykkt og sett í framkvæmd. Það er ekkert leiðinlegt að hætta störfum í stjórninni því ég er sannfærður um að það komi maður í manns stað. Þeir sem fylla skórin eru öflugir einstaklingar og eiga fullt traust allra félagsmanna.“

Hörður segir að þetta sé lýðræðislegt og gefi stjórninni tryggt bakland og minnir um leið á breidd samtakanna, en hátt í 1.200 fyrirtæki eru meðlimir og eru þau mjög mismunandi að stærð og viðfangsefnum.

Áhersluatriði

Áhersluatriði Samtaka iðnaðarins taka að sjálfsögðu mið af þróun þjóðfélagsins – hér heima og á alþjóðavettvangi – tækninnar og þeirri umræðu sem fram fer hverju sinni. En hagsmunir og þarfir meðlimanna og íslensks iðnaðar hafa alltaf verið í fyrirrúmi.

„Hin almennu starfsskilyrði iðnaðarins hafa verið í kastljósinu og þau taka bæði til löggjafar, stjórnsýslu og skipulagningar hins opinbera stóðkerfis. SI hafa barist lengi fyrir betri starfsskilyrðum og við teljum okkur skila árangri í mörgum sviðum, við höfðum barist lengi fyrir niðurfellingu vörugjalda og var mjög ánægju-



(C) MOTIV-MYND, Jón Svavarsson

Tækni Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, Hörður Arnarson, forstjóri Marel, og Torfi Þorsteinsson, framleiðslustjóri HB Granda, að virða fyrir sér nýtt vinnsluferfi fyrir ufsa sem Marel hf. framleiddi.



Morgunblaðið/PÓK

Hættir Eftir sex ára setu sem stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins, lét Hörður Arnarson af trúnaðarstörfum sínum fyrir SI á nýafstöðnu Iðnþingi.

legt að þau voru að miklu leyti felld niður nú í upphafi mánaðarins,“ segir Hörður.

Eitt af áhersluatriðum SI á seinni árum eru menntamálin en samtökin hafa stutt og barist fyrir bættri símenntun iðnaðarmanna og sett sé sem markmið að iðnaðurinn fái betri aðkomu að menntun á öllum stigum menntakerfisins. Verkmenntun hefur átt mjög undir högg að sækja á Íslandi.

„Sameining Tækniskólans og Háskóla Reykjavíkur er dæmi um breytingar sem við höfum komið að og stutt, en samtökin hafa líka veitt gerð námsgagna stuðning. Í þessu starfi hafa áhersluatriðin verið skilgreind og það er því mjög ánægjulegt að sjá hver þróunin hefur orðið. Með samstarfi iðnaðarins og háskólanna er einnig mikið unnið. Það á að styðja við bakið á öllum háskólunum okkar og auka þannig samkeppnina þeirra á milli, en þannig verður umhverfið betra bæði fyrir nemendur og kennara. SI hafa lagt verulegar fjárhæðir og vinnu til að styðja við þessi atriði,“ segir Hörður og bætir við að starfs-

skilyrði, baráttan, vörugjöldin og menntamálin hafi kannski verið mikilvægustu málin sem fengist var við meðan hann sat í stjórninni.

Brautryðjendur

Hörður, sem er giftur og á þrjú börn á aldrinum 15 til 23 ára, menntaði sig að hluta til á Íslandi og hélt svo til framhaldsnáms í Danmörku.

„Ég tók rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands og hélt síðan til Kaupmannahafnar og lauk þaðan doktorsgráðu í verkfræði. Doktorsnámið snerist um ákveðið rannsóknaverkefni fyrir Marel, sem tengist notkun tölvusjónar í matvælaíðnaði. Þar var lagður grunnur að þekkingu sem varð seinna ein af meginstöðum fyrirtækisins.

Marel tók til starfa 1983 og tveimur árum seinna hóf Hörður störf við vöruþróun hjá Marel og varð framkvæmdastjóri vöruþróunar árið 1993. Fjórum árum seinna varð hann einnig framkvæmdastjóri framleiðslu og forstjóri fyrirtækisins árið 1999.

„Marel þýddi mikið fyrir íslenskan iðnað, sérstaklega í byrjun. Fyr-

irtækið var brautryðjandi í uppbyggingu þekkingarfyrirtækja á Íslandi og sýndi umhverfinu að þetta var hægt. Árið 1990 störfuðu um 30 manns í Marel en núna eru yfir 2.000 starfsmenn í 25 löndum í sex heimsálfum starfandi hjá fyrirtækinu. Auðvitað hafði þetta jákvæð áhrif sem fordæmi og sýndi að ekkert er ómögulegt.“

Hörður segir það ganga kraftaverki næst hversu ör þróun íslensks iðnaðar hefur verið síðustu árin og segir að engan hafi órað fyrir því fyrir fimmtán árum að landið ætti slíkan fjölda stórra og sterkra fyrirtækja.

„Þetta er ævintýri líkast og sumt af þessu var algerlega ófyrirsjáanlegt, eins og til dæmis Actavis og Össur, en af fyrirtækjum sem tengd voru sjávarútvegnum var kannski hægt að búast við slíkri þróun. Þetta segir okkur mikið hvað hægt er að gera ef rétt fólk er á réttum stað. Það verður að segjast að starfsskilyrðin voru góð, skattalöggjöfin hagkvæm og einkavæðing bankanna og stuðningur þeirra við útrás íslenskra fyrirtækja skipti miklu máli,“ segir Hörður.

Framtíðin og Evrópa

Hörður segir að Samtök iðnaðarins hafi tekið að sér að vera leiðandi í umræðunni um Evrópumál og upptöku evrunnar sem gjaldmiðils.

„Ég tel þetta vera mesta hagsmunamálið íslensks iðnaðar í dag, nánast allur iðnaður hérlandis hefur ótvíráðan hag af því að Ísland gangi í ESB og að krónunni verði skipt fyrir evruna.“

Hörður bendir á að atvinnurekendur í flestum öðrum löndum, eins og t.d. Svíþjóð og Finnlandi, hafi haft forystu í umræðunni vegna þess mikla ávinnings fyrir atvinnulífið sem hlýst af inngöngu í ESB en hérlandis hafi verkalýðshreyfingin verið miklu virkari þátttakandi. Hann rekur þetta til flokkspólitískra ástæðna.

„Hvað varðar framtíðina tel ég að möguleikarnir séu nánast óþrjótandi. Svið sem við gáfum litlar gætur fyrir fáeinum árum, eins og til dæmis hugbúnaður og tölvuleikir eins og þau sem CCP hafa skapað, eru nú orðin að öflugum geira í íslenskum iðnaði. Ég held að við munum fá að sjá alls konar fyrirtæki í framtíðinni sem okkur órar kannski ekki fyrir í dag. Við verðum að mennta fólk sem getur byggt upp slík fyrirtæki og skapa góð almenn starfsskilyrði og renna þannig stoðum undir áframhaldandi hagkvæma og öfluga þróun íslensks iðnaðar.“

„Ég held að það sé best að einstaklingar sjái um þróun atvinnulífsins en að stjórnvöld og opinber fyrirtæki sjái um að almenn starfsskilyrðin séu nægilega góð. Stjórnvöld mega hins vegar ekki grípa inn í þróunina og verða gerendur í uppbyggingu atvinnulífsins. Opinberir aðilar munu aldrei taka réttar ákvarðanir varðandi beina uppbyggingu fyrirtækja.“

Hörður leggur áherslu á að það að taka ákvörðun um að gera vissan hlut feli líka í sér að verið sé að taka ákvörðun um að gera ekki annað.

Hörður er bjartsýnn á framtíð og vöxt íslensks iðnaðar af því að nú sé kominn ákveðinn grunnur og reynsla, en það skapi trú fjármálaheimsins og einstaklinga á að hægt sé að framkvæma hlutina.

„Östöðugleiki efnahagskerfisins og gríðarlega háir vextir eru mjög slæmir fyrir iðnaðinn og eina lausnin sem ég sé á þeim vanda er að ganga í ESB og taka upp evruna. Í mínum huga eru það þrjár spurningar sem svara þarf. Í fyrsta lagi gengur núverandi fyrirkomulag til lengri tíma litið. Ég tel ekki að krónan gagnist okkur sem gjaldmiðill til framtíðar, til þess er hún of lítil. Núverandi stefna í peningamálum virkar alls ekki og mun aldrei virka. Í öðru lagi hvaða aðra möguleika höfum við á gjaldmiðli. Þar er eini raunhæfi möguleikinn og um leið sá eini rök-retti að taka upp evru. Evrópa er langmikilvægasti markaður okkar, lagaumhverfi er mjög skylt og lífsskoðanir okkar svipaðar og Evrópubúa. Í þriðja lagi hvað þarf til að framkvæma þetta. Það er ekki sérlega málefnalegt að velta þriðju spurningunni fyrir sér áður en búið er að svara tveimur fyrstu spurningunum. Ef við viljum gera þetta þarf að leggja brautina og takast á við það verkefni sem mætir okkur á þessari braut. Viðunandi samningur um sjávarútvegsmál er mjög mikilvægur en ég tel mjög líklegt að þeir geta náðst. Sjálfur er ég sannfærður um að Ísland endar í ESB og að evran verði tekin upp, en það líða sennileg a.m.k. átta til tíu ár eftir að undirbúningur hefst áður en það getur orðið að veruleika. En því lengur sem við drögum þetta því verrar er það fyrir framtíðarlífsskjör fólksins í landinu,“ segir Hörður.

Þetta erum við

2þ - A.P. málun - A.R.K. - Acryl - Actavis - Aðal Tannsmíðastofan - Aðalheiður Jónsdóttir - Aðalmálun - Aðalsmiði - Aflbinding - Agnar Ludvigsson - AGR - AH pípulagnir - Akron - Akurfell - Albert Gíslason - Albert Sigurðsson Alcan á Íslandi - Alcoa Fjarðaaál - Alhliðamálun - Almenna umhverfispjónustan - Alur blikksmiðja - Amani - Amber hárstofa - Anna E. Svavarsdóttir - Anna María DESIGN - ANZA - AP almannatengsl - Arinbjörn Guðbjörnsson Arnaldur Halldórsson - Arnardalur - Arnarfell - Ath - Aubert Högnason - AuðÁS - Auðkenni - Auðunn og Hafsteinn - Auður Árnadóttir - Augljós merking - Aurum - Axel Eiríksson Gullúrið - Axel Ström Óskarsson - Axel Þórarinsson Axis húsgögn - Á. Guðmundsson - Á. M. Sigurðsson - Áburðarverksmiðjan - Ágúst Hreggviðsson - Ágústa Valdís Svansdóttir - Ármann Halldórsson - Árni Helgason - Árni Höskuldsson - Árni Rúnar Þorvaldsson - Árvakur Morgunblaðið Ásbjörn Þórarinsson - Ásgeir og Björn - Ásgeir Steinarsson - Ásgrímur Ingólfsson - Ásmundur Kristinsson - Ásmundur Ólafsson - Ásmynd - Ásprent Stíll - Ástak - Ásvélar - B.Á. Múrverk - Bakarameistarinn - Bakkabros - Bakstur og veisla Barði Önundarson - Barna- og fjölskylduljósmyndir - Barnasmiðjan - Bára K. Kristinsdóttir - Bára Kemp - Bárður Olsen - Bátasmiðja Guðmundar - Bechtel International Inc - Benedikt Jónasson - Benedikt Lárusson - Berent Sveinbjörnsson Berg - Berglín - Bergsmíði - Bergsteinn - Bernhöftsbakarí - Besta mál - Beyki - Birgir Eiríksson - Birgir Ísleifsson - Birta - Bjargey - Bjarni F. Jónasson - Bjarni Guðmundsson - Bjarni Karvelson - Björgun - Björgúlfur Halldórsson Björgvin Halldórsson - Björgvin Kjartansson - Björk - Björn Grímsson - Björn Málari - Björn S. Númason - Björnsbakarí - Bláa lónið heilsuvörur - Blikamýri - Blikk - Blikk- og tækniþjónustan - Blikkarinn - Blikkás Funi - Blikkiðjan Blikkrás - Blikksmiðja Austurbæjar - Blikksmiðja Ágústar Guðjónssonar - Blikksmiðja Einars - Blikksmiðja Guðmundar J. Hallgrímssonar - Blikksmiðja Gylfa - Blikksmiðja Reykjavíkur - Blikksmiðjan Borg - Blikksmiðjan Vík - Blikksmiðurinn Blikksmiði - Blikktækni - Blæbrigði - BM Vallá - Boði - Borgargarðar - Borgarnes kjötvörur - Borgarplast - Borgarverk - Borgarvirki - Borgþór Guðjónsson - Bólstrarinn - Bólstrun Ásgríms - Bólstrun Ásgríms Þórs - Bólstrun Elínborgar Bólstrun Jóns Sigurðssonar - Brauða- og kökugerðin - Brauðberg - Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co - Brauðgerð Ólafsvíkur - Breiðholtsbakarí - Brilliant - Bryndís K. tannsmíðastofa - Bryngeir Ásbjörnsson - Bubbi pípari - Burkney - Búbót Bústólpi - Bútur - Bygging - Byggingafélagið Óskar og Árni - Byggingafélagið Sandfell - Byggingafélagið X - Byggingarfélagið Aspir - Byggingarfélagið Smári - Byggingarlist - Byggjandi - Byggó - Bylgja Bragadóttir - Bæjarbakarí C.axis hársnyrtistofa - Cara snyrtistofa - Carat - Haukur gullsmiður - Carl M. C. Lund - CCP - Celsius - Central - Dagsljós - Daltré - Deka - Dekurhornið - Design hárstúdíó - Dixill - Díva snyrtistofa - Doddí málari - Drifás verkstæði Dröfn snyrtistofa - Dúkarinn.is - Dverghamrar - Dynkur - Dýrfinna Torfadóttir - E.R. Gröfur - E.T. - Eðal - Eðalhús - Efnamóttakan - Eggert og Pétur - Egill Strange - Einar Einarsson - Einar H. Esrason - Einar Kristjánsson Einar Sædal Svavarsson - Einval - Eiríkur og Einar Valur - EJS - Elín Guðmunda Magnúsdóttir - Elín Sigurðardóttir METRO - Ellert Skúlason - Elvar Ingason - Emmessís - Endurvinnslan - ER hús - Erla Aðalgeirsdóttir - Erla Stefánsdóttir Esja kjötvinnsla - Eyjablikk - Eyjasýn - Eyjatré - Eyland Garðyrkja - Eyrún prentsmiðja - Eyþór og Þorkell - Fagfólk - Faggarður - Fagmálun Litaval - Fagtak - Fagus - Fang - Fanntófell - Farfa - Feðgar - Fellabakarí - Félag hárgreiðslu- og hárskerameistara á Norðurlandi - Félag hársnyrtifólks Austurlandi - Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda - Félag íslenskra gullsmiða - Félag skráðgarðyrkjumeistara - Félag vinnuvélaeigenda - Finn Henrik Hansen - Fin málun Finka - Fjarðanet - Fjarðarbakarí - Fjarðarlagirnir - Fjarðarmálun - Fjarðarmót - Fjarðarstál - Fjóla Gullsmiður - Fjöblendir - Fjölnir trésmiðja - Fjölritunar- og útgáfupjónustan - Fjölverk verktakar - Flakk - Fleygar - Flosi Ólafsson - Flotmúr Flugger - Form bólstrun - Fossvélar - Framkvæmd - Framrás - Freyja - Friðrik Jónsson - Friðrik Ragnarsson Hansen - Frostmark - Frostverk - Fræsun - Fura - Furuás - G. A. P. - G. H. Guðmundssynir - G. Helgason - G. Leifsson G. Skúlason vélaverkstæði - G. V. Gröfur - G.G. Málun - G.S. Múrverk - G-5 Kranaafgreiðslan - Gagarín - Galdur - Gallerí hár - Gamla bakaríið - Garðar Sigurþórsson - Garðasteinn - Garðmenn - Garðtækni - Garðyrkjumaðurinn Garðyrkjuþjónustan - GÁ húsgögn - Gámapjónusta Akraness - Gámapjónusta Vestfjarða - Gámapjónustan - Geirabakarí - Georg V. Hannah - Gerður H. Jónsdóttir - GG flutningar - GI múr - Gilbert Elísson - Gilbert úrsmiður Gissur Þór Árnason - Gínó snyrtistofa - Gísli J. Johnsen - Gísli Jónsson - Gísli Magnússon - Gísli og Gunnar - Gísli og Kristján - Gísli Ólver Sigurðsson - Gísliína H. Einarsdóttir - GJ smiðir - GK snyrtistofa - Glefsir - Gler og lásar - Glerborg Glerverksmiðjan Samverk - Globodent á Íslandi - Glófaxi - Glófi - Glugga- og hurðasmiðja SB - Gluggasmiðjan - Goðaland - Gott útlit hársnyrtistofa - Góð mál - Góðir hálsar - Grásteinn - Grein - Greind - Grettir fjölritunarstofa Gréta Sigurborg Guðjónsdóttir - Grindin - Gríma hárstofa - Grímur Bjarnason - Græðir - Gröfuþjónusta Tryggva Einars - GT Tækni - Guðjón Árnason - Guðjón Engilbertsson - Guðjón Guðlaugsson - GuðjónÓ - Guðlaugur Stefánsson Guðmundur Antonsson - Guðmundur Ágúst Magnússon - Guðmundur Gunnar Þórðarson - Guðmundur Ingimundarson - Guðmundur Kristinsson - Guðmundur L. Sverrisson - Guðmundur Magnússon - Guðmundur Ó. Eggertsson Guðmundur Óskarsson - Guðmundur S. Viðarsson - Guðmundur Sigurbjörnsson - Guðmundur Skúlason - Guðmundur Örn Böðvarsson - Guðnabakarí - Guðrún Tinna Valdimarsdóttir - Guinot MCstofan - Gull og demantar Gull og grænir skógar - Gull og Silfur - Gull- og Silfursmiðjan - Gull- og silfursmiðjan Erna - Gullkistan - Gullkúnst Helgu - Gullsmiðjan - Gunnar Benediktsson - Gunnar Leifsson - Gunnar Már Gíslason - Gunnar Már Þórðarson Gunnar og Ólafur - Gunnar Þormóðsson - Gunnar Þór Hannesson - Gunnar Örn - GuSt - Gúmmisteypa Þ. Lárusson - Gúmmivinnslan - Gústaf Njálsson - Gylfi Guðmundsson trésmiðja - Gylfi M. Einarsson - Gylfi Ómar Héðinsson GÞ Skartgripir og úr - Gæðabakstur - Gæðafæði - Gæðamálun - H. H. Gólf - H. S. bólstrun - H.S. málverk - HA - Haagensen - Hafsteinn Eyjólffsson - Hagblikk - Hagbær - Haki - Halla Boga Gullsmíði - Halldór Ágúst Halldórsson Halldór Ólafsson úrsmiður - Halli gullsmiður - Hampiðjan - Hamrar - Hannes Hvanndal Arnórsson - Hannes Málari - Haraldur Sumarliðason - Háfell - Hár Moda - Hár- og snyrtihúsið Ónix - Hár- og snytingarhúsið Unnikes Hárgreiðslustofa Jóhönnu Jónsdóttur - Hárgreiðslustofa Heiðbjartar - Hárgreiðslustofa Heiðu - Hárgreiðslustofa Helenu Stubbalubbar - Hárgreiðslustofa Huldu - Hárgreiðslustofa Ingibjargar - Hárgreiðslustofa Ólafar Hjartardóttur Hárgreiðslustofa Steinunnar - Hárgreiðslustofa Önnu - Hárgreiðslustofan Cleo - Hárgreiðslustofan Delilla og Samson - Hárgreiðslustofan Eva - Hárgreiðslustofan Guðrún - Hárgreiðslustofan Mín - Hárgreiðslustofan Möggurnar í Mjódd Hárgreiðslustofan Snyrtihúsið - Hárhús Kötlu - Hárhöllin - Hárið - Hárkompaní - Hárnét - Hármý - Hársaga - Hársnyrtistofa Sveinlaugar Þórarinsdóttur - Hársnyrtistofa Ernu - Hársnyrtistofa Eydísar - Hársnyrtistofa Guðrúnar Önnu Hársnyrtistofa Mariu - Hársnyrtistofa Rósu og Jónu - Hársnyrtistofa Þórhildar - Hársnyrtistofan Aida - Hársnyrtistofan Arnarbakka - Hársnyrtistofan Capello - Hársnyrtistofan Capilli - Hársnyrtistofan Höfuðlausnir - Hársnyrtistofan Lokkafín Hársnyrtistofan Lydía - Hársnyrtistofan Medulla - Hársnyrtistofan Sparta - Hársnyrtistofan Strúktura - Hársnyrtistofan Tíkó - Hársport - Hárstofan Arte - Hárstofan Ýr - Hærtískan Kaupangi - Hárverkstæðið - Hásalir - Hástigur - Hefilverk Heilsa og útlit - Heimaey kertaverksmiðja - Heimir og Jens - Heimir og Þorgeir - Helena fagra snyrtistofa - Helgi Garðarsson - Hendur í Hári - Henry Kristjánsson - Henson - Hermann Jónsson - Héðinn - Héðinn Schindler lyftur Héraðsprent - Héraðsverk - Hérastubbur - HF fasteignir - HH málun - HH verktakar - Hit innréttingar - Hjalti Guðmundsson - Hjalti Örn Ólafson - Hjartavermd - Hjá Ernu hársnyrtistofa - Hjá Jóa Fel Brauð og kökulist - Hjálmar Gunnarsson Hjálmar Vigfússon - Hlíf Sigurðardóttir - Hlynur - HM pípulagnir Siglufirði - Hnappur - Hnotuberg - Holtt & Gott - Hornabrauð - Hóll - Hópvinnukerfi Focal Groupware - Hraðhreinsun Austurlands - Hraði - Hreinn Sigurjónsson - Hreinsitækni Hrönn Stefánsdóttir - Hugbúnaður - Hugsmiðjan - HugurAx - Hugvit - Hurðapjónustan Ás - Húsagerðin - Húsaklæðning - Húsgagnavinnustofa R.H. - Húsprýði - Hverabakarí - Icefox á Íslandi - Iceland Spa and Fitness - Iðnmark Ingileifur Jónsson - Ingimundur Einarsson - Ingvar Ísebarn - Ingvar og Kristján - Ingvi Óðinsson - Innn - ISS Ísland - Í góðum málum - ÍÁV - Íris Fönn Gunnlaugsdóttir - Ísafoldarprentsmiðja - Ísaga - Ísfrost - Íslenska Gámafélagið Íslenska járnblendifélagið - Íslenska lífmassafélagið - Íslenskir málara - Ísloft blikk- og stálsmiðja - Ísmálun - Ístak - J&S byggingaverktakar - J. B. - J. Kolbeins pípulagnir - Jarðboranir - Jarðmótun - Jarðvélar - Járnsmiðja Árna H. Jónssonar - Járnsmiðja Óðins - JE vélaverkstæði - JK Hönnun - Jóel Fr. Jónsson - Jófríður Benediktsdóttir - Jóhann Hauksson trésmíði - Jóhann Víktor Steimann - Jóhannes Jónasson - Jóhannes Long - Jóí og félagar - Jón Björnsson Jón Einarsson - Jón Hrafn Jónsson - Jón I. Garðarsson - Jón Ingi Young - Jón Kjartan Sigurfinnsson - Jón málari - Jón og Óskar Úr og skartgripir - Jón og synir - Jón S. Guðmundsson - Jón Sigurgeirsson - Jón V. Hinriksson - Jón Þórðarson Jóna Sveinsdóttir - Jónas Kristófersson - Jónatan Grétarsson - Jörvi - K. Maack ljósmyndun - Kaffitár - Kaj Pind - Kantur - Karl Jón Hirst - Karl R. Guðmundsson úrsmiður - Kartöfluverksmiðja Pykkvabæjar - Katla - Kaupfélag Skagfirðinga Kári Valur Hórvorsson - KB Bólstrun - Kerfisþróun - Kerfðörun - Ketilbjörn - Kine - Kjarnafæði - Kjarnavörur - Kjartan Kjartansson - Kjóll og klæði - Kjörís - Kjötkaup - Klafi - Klak - Klaki stálsmiðja - Klemenz Jónsson - K LH Klipparar Carter - Klínísk tannsmiðja Kolbrúnar - Klukkan - Klæðning - Klæðskera- og kjólameistarafélagið - Klæðskerahöllin - KNH Kubbur Norðurtak Höttur - Kolbrún Ingólfsdóttir - Kornax - Korníð - Kr. Ólafsson - Krani - Krappi - Krás Kredit - Kristinn H. Grétarsson - Kristinn Hermansen - Kristinn Kristinsson - Kristján Logason - Kristján Pétur Guðnason - Kristján Sigurðsson - Kristjánssynir - Kröksverk - K-Tak - Kælsmiðjan Frost - Kökubankinn - Kökugerða H.P.. Kökuhornið - Lindabakarí - Kökumeistarinn - Kökuval - Lagnalausnir - Lagnavirki - Landbrot - Landbrot - Landsmálun - Landssamband bakarameistara - Landsteinar Strengur - Lars Gunnarsson - Laugar Spa snyrti- og nuddstofa - Launafl Lára Magnúsdóttir - Lárus Steinar Karlsson - Lás - Leðuriðjan - Leturprent - Létt í spori - LG - LH tækni IceConsult - Lilja Ragnarsdóttir - Linda Líf Margrétardóttir - Listhár - Listkúnst - Litadýrð - Litagleði - Litalín - Litbrigði - Litco Litir og penslar - Litla málarastofan - Litlafell - Litlaprent - Litróf - Líf-Hlaup - LÍFLAND Mjólurffélag Reykjavíkur - Límtré Virnet - Ljósmynd - Ljósmyndarafélag Íslands - Ljósmyndarinn Binni - Ljósmyndasafn RTH - Ljósmyndastofa Erlings Ljósmyndastofa Páls - Ljósmyndastofa Þóris - Ljósmyndir Rutar - Loðnuvinnslan - Loftlínur - Loftorka Borgarnesi - Loftorka Reykjavík - Loftur Þór Pétursson Bólsturverk - Lokkalist - Lóðalist - Lyfjaþróun - Lystigarðar - Lýsi - Magg Magnús E. Kristinsson - Magnús Gíslason - Magnús Jónsson - Malarvinnslan - Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas - Mandala - Marel - Margrét B. Pétursdóttir - Margrét Guðmundsdóttir - Margrét Hrónn Frímannsdóttir - Mark-Hús - MarOrka Marteinn Jónsson - Mats Wibe Lund - Matvælakassar - Málarakompaníið - Málalaralist - Málarameistarafélagið - Málarameistarar - Málaramiðstöðin - Málarasmiðjan - Málaraverktakar - Málaravinnan - Málmsteypa Þorgríms Jónssonar Málmsteypan Hella - Málmur samtök fyrirtækja í málm- & skipasmiði - Málning - Málningarmiðstöðin - Málningarþjónusta Jóhanns Einarssonar - Málningarþjónusta Kristjáns - Málningarþjónusta Þorkels - Málningarþjónustan AK Málun SSB - MESTA Magnús E. Baldvinsson - Meistarafélag bólstrara - Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi - Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði - Meistarafélag í hárgreiðslu - Meistarafélag Suðurlands - Menn og mýs - Mentor MerkurPoint - META - Meta Járnsmiði - MG saumlag MG fót - Microsoft á Íslandi - Miðás - Miðstöð - Mjólka - Mjólkursamlag Ísfirðinga - Monroe - Mosfellsbakarí - Móðelskartgripir - Móðir Náttúra - Mótorverk - MS - Múalundur Múr- og flisapjónustan - Múr- og málningarþjónustan Höfn - Múr og smíði - Múr- og terrazzolagnir - Múrarameistarafélag Reykjavíkur - Múrarinn - Múrfag - Múriðn - Múrprýði - Múrsteypan - Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar - Myllan Myllan brauðgerð - Myndás - Nesmúr - Nesprent - Nesprýði - Nestak - Net - Netagerð Aðalsteins - Netagerð Jóns Holbergssonar - NimbleGen Systems - Njáll Kjartansson - Norðenska matborðið - Norðlenskir aðalverktakar - Norðurl Norðurmjólk - Norðurpóll - Norðurvírk - Normi - Norm-X - Nói-Sírius - Nýja bakaríið - Nýja kaffibrennslan - Nýmynd - Odd Stefán Ljósmyndun - Oddný Dóra Stefánsdóttir - Oddur bakari OPM - OR Hlutagerðarafélag - Ora - ORF Líftækni - ORO skart - Ossi - Osta- og smjörsaln - Ottó Einar Jónsson - Oxa - Ófeigur gullsmiðja - Ólafur Kristinn Ólafsson - Ólafur Sigurðsson - Óli Jóhann Danielsson - Ómar H. Egilsson Óskar og Einar - Óskatré - P. Alfreðsson - P. Snæland - Pappír - Passion - Páll Gíslason - Páll Ólafsson - Páll Sveinbjörnsson - Pálmi Ásbjarnarson - Pendúll - Perma - Petromodel - Pétur Jónsson - Pétur Kristjánsson - Pétur Már Finnsson Pétur og Kristinn - Pixel - Pílan - Pílus hársnyrtistofa - Pípulagnaverktakar - Pípulagningaþjónusta Ásgeirs - Pípulagnir Samúels og Kára - Planki - Plastás - Plastprent - Plastprent - Pottagaldrar - Prem - Prentmót - Prentsmiðja Hafnarfjarðar Prentsmiðjan Viðey - Prenttækni - PS Lagnir - Rafeining - Ragnar Björnsson - Ragnar og Guðjón - Rakarastofa Ragnars - Rannsóknarþjónustan Sýni - Rauðhetta og úlfurinn - Rekkverk - Rekstrarfélag Salón VEH - Repró Valgeir Emilsson Reykjalundur plastiðnaður - Reynir bakari - Ris - Ríkharður F. Jensen - Rósaberg - RSNÞ - RST Net - RT - Rúmmeter - Rúnar Eyjólfsson - Ræktunarsamband Flóa og Skeiða - S. Helgason - S.G. Hús - S.S. Byggir - Saga verktakar SagaMedica Heilsujurtir - SAH Afurðir - Samey - Samskipti - Samson - Samtök íslenskra húslutaframleiðenda - Sandblástur og málmhúðun - Sandholt - Sauðárkróksbakarí - SBS Innréttingar - Sel-hús - Selma Ragnars Listauki - Selós Sementsverksmiðjan - Set - Sérsmiði - SG dúkari - SH Hús - Sif Ægisdóttir - Sifka - Sigfús Már Pétursson - Sigmundur F. Þórðarson - Sigríður Magnúsdóttir Lorange - Sigríður Sigfúsdóttir - Sigríður Svanborgardóttir - Sigtryggur Sigurðsson Sigurði Benónýsson - Sigurður Einarsson - Sigurður Eyþórsson - Sigurður Grétar Guðmundsson - Sigurður H. Sigurðsson - Sigurður og Eyjólfur - Sigurður Pálsson - Sigurður Sigurðsson - Sigurður Sigurðsson - Sigurður Stefán Jónsson - Sigurjón Pálsson Sigurjónsbakarí - Silkipræðir - Síld og Fiskur kjötvinnsla - Sjá óháð ráðgjöf - Sjávarberg - Sjö í höggi - Skaginn - Skarphéðinn Hjálmarsson - Skartís - SKG verktakar - Skipasmiðastöð Njarðvíkur - Skipasmiðastöðin Skipavík - Skóflan Skýrr - Sláturfélag Suðurlands - Sláturfélag Vopnfirðinga - Slippfélagið í Reykjavík - SM Jónsson - Smári Sigurðsson - Smári Vignisson - Smellinn - Smiðir - Smíðandi - Snittvélin - Snorri Magnússon - Snyrti- og fótáaðgerðastofa Ásdísar Snyrtiakademían í Kópavogi - Snyrtimiðstöðin Lancome - Snyrtistofa Ágústa - Snyrtistofa Grafarvog - Snyrtistofa Huldu - Snyrtistofa Jennýjar Lind - Snyrtistofa La Bella Donna - Snyrtistofa Ólafar - Snyrtistofa Ólafar Ingólf Snyrtistofa Rósu - Snyrtistofa Sigrúnar Díva - Snyrtistofa Xanadí - Snyrtistofa Þóru - Snyrtistofan Akranes - Snyrtistofan Aníta - Snyrtistofan Ágústa - Snyrtistofan Ársól - Snyrtistofan Carita - Snyrtistofan Dís - Snyrtistofan Eygló Snyrtistofan Garðatorgi - Snyrtistofan Greifynjan - Snyrtistofan Gyðjan - Snyrtistofan Hilma - Snyrtistofan Hrunn - Snyrtistofan Jóna - Snyrtistofan Lipurtá - Snyrtistofan Líkami og sál - Snyrtistofan Okkar - Snyrtistofan Paradís Snyrtistofan Rós - Snyrtistofan Ylur - Snyrtistofan Þú um þig - Soffía D. Halldórsdóttir - Sorphreinsun Vilhelms Harðarssonar - Sólrún Jónsdóttir - Spuni - Spöng - SR múr - SR vélaverkstæði SS smíði - Stafna á milli - Stafnafell Stansverk - Stálbær - Stál-Orka - Stálsmiðjan - Stálsmiði Magnúsar Proppé - Stálstjórnur - Stefán Jónsson - Stefán Ó. Hermannsson - Steinberg - Steinprent - Steinull - Steinval - Stíki - Stjórnblikk - Stjórnú-Oddi - Stjórnuástí - Stoðverk Studio 101 - Studio Björg - Stuðlaberg - Stúdíó Marilyn - Suðulist Reisir - Suðurverk - SV málningarverktakar - Svansprent - Svanur A. Ingimundarson - Svanur Ingvarsson - Sveinbjörn Sigurðsson - Sveinn Pálsson - Sveinn Sigurðsson Sveinn Valþór Sigþórsson - Sveinsbakarí - Sverrir Pétur Pétursson - Svipmyndir - Sæplast Dalvík - Sæunn Björg Hreinsdóttir - Sævar - Sævar Leifsson - Sæþór - Sögin - Tannbogi - Tannform - Tannlist - Tannljós tannsmiðaverkstæði Tannmiðlun - Tannsmiðafélag Íslands - Tannsmiðja Siggu Maju - Tannsmiðjan - Tannsmiðjan DL - Tannsmiðjan Króna - Tannsmiðamiðstöðin - Tannsmiðastofa Arnheiðar - Tannsmiðastofa Einars K. Einarssonar - Tannsmiðastofa Ingværs Tannsmiðastofa Júníusar Pálssonar - Tannsmiðastofa Sólbjartar - Tannsmiðastofan (x4) - Tannsmiðaverkstæði RMR - Tannsmiðaverkstæðið - Tannsmiðaverkstæðið - Tannsmiðaverkstæðið - Tannsmiðja Marteins - Tannverk Suðurlands - TAP - Tarsus - Te og kaffi - Team hárstúdíó - Tæknís Tempra - Tiltak - Timbra - Timburhús - Tindafell - Tímadjásn skartgripaverslun - TM Software - Toni & Guy Íslandi - Toppurinn - Tómas B. Þorbjörnsson - Tómas Einarsson - Tómas Sigurðsson - TrackWell Software - Trefjar - Tréborg Trénaust - Trésmiðja Magnúsar F. Jónssonar - Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar - Trésmiðja Ásgríms Magnússonar - Trésmiðja GKS - Trésmiðja Helga Gunnarssonar - Trésmiðja Hilmars - Trésmiðja Kristjáns Jónass - Trésmiðjan Akur Trésmiðjan Borg - Trésmiðjan Breiður - Trésmiðjan Hnífsdal - Trésmiðjan Rein - Trésmiðjan Gylfa - Trésmiðja Verkstæði Sveins Heiðars - Trétak - Trévangur - Tréverk - Trico - Tunnan prentþjónustan - TV tækniþjónusta Töff hár hársnyrtistofa - Tölvumiðlun - Umslag - Unnur Ólöf Matthíasdóttir - Uno - Úlfar Karlsson - Úra- og skartgripaverslun Heide - Úra- og skartgripaverslunin - Úrsmiðafélag Íslands - Vagn Preben Boysen Hárkúnst - Vagnar og þjónusta Vaki Fiskeldiskerfi - Valgeirsbakarí - Valhöll Herðis og Helga - Valsmiði - Varmamót - Vegamál - Velverk - Verði þinn vilji - Verk- og kerfisfræðistofan - Verkás - Verkland - Verktaka og ráðgjöf - Verktakar Magni - Verktækni - Verkþing Verkþing pípulagnir - Vestfirskir verktakar - Véla- og skipaþjónustan Framtak - Véla- og skipaþjónustan Framtak - Vélaleiga Einars H. Péturssonar - Vélaleiga S. Magnússonar - Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar - Vélaverkstæði Jóhanns Ólafs - Vélfag - Vélgrafan - Vélgæði - Vélsmiðja Agnars - Vélsmiðja Árna Jóns - Vélsmiðja Einaras Ámundas - Vélsmiðja Hornafjarðar - Vélsmiðja Konráðs Jónssonar - Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar - Vélsmiðja Ólafsfjarðar - Vélsmiðjan Altak - Vélsmiðjan Logi - Vélsmiðjan Orri - Vélsmiðjan Vík - Véltaekni - Vélvirki - Vélvík - VG fagmálun - Viasys Healthcare Ísland - Viðar Guðmundsson - Viðar J. Scheving - Viðar Jónsson - Vignir Þorláksson Vilhelm V. Guðbjartsson - Vilko - Vinnuvélar A. Michelsen - Virki - Virkjun - Virkni - Vita Liberata - Víðir Bergmann Birgisson - Vífilfell - Víking - Víkurfréttir - Vogabær - Völvusteinn - Wink Hárlengingar - Xit hárstofa - Ýting - Zone Þ.G. verktakar - Þ.H. blikk - Þ.J. verktakar - Þekking Tristan - Þemasnyrting - Þorgeir & Ellert - Þorgeir Sigurðsson - Þorsteinn Guðmundsson - Þorsteinn Viðarsson - Þorvarður Þorvaldsson - ÞÓB vélaleiga - Þórarinn Hjalti Hrólfsson Þórður Árnason - Þórhildur Vilhjálmisdóttir - Þórir Úlfarsson - Þórunn Pálsdóttir - Þrastarverk - Þráinn Guðmundsson - Þróttur - Þróstur Ingvarsson - Þyngdarafl - Þörungaverksmiðjan - Ægir Þorláksson - Ölgurðin Egill Skallagrímsson Ölur trésmiðja - Ömmubakstur - Öndvegi - Örn Karlsson - Örn Sigurðsson húsgagnasmiðja - Ösp - Össur

SI

Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhjarl í síbreytilegu umhverfi



Morgunblaðið/G. Rúnar

Miðstöð Hús atvinnulífsins í Borgartúni geymir margþætta starfsemi.

Samtök iðnaðarins í örri þróun

Þróun Samtaka iðnaðarins helst að vonum í hendur við þróun þjóðfélagsins, nýrrar framleiðslutækni og nýrra viðhorfa til markaðarins og alþjóðavæðingarinnar. Um þessar mundir eru Samtökin að breyta eigin skipulagi og hverfa frá hefðbundinni deildaskiptingu yfir í verkefnabundið skipulag.



Sveinn Hannesson

„Við erum að taka upp nýtt skipulag þar sem horfið verður frá deildaskiptingu eftir hefðbundnum iðngreinum, eins og löngum hefur verið ráðandi, og horfum nú æ meira til þess hvaða markaði er verið að þjóna. Ástæðan er einfaldlega sú að iðnaðurinn og þjóðfélagið hefur breyst, iðnaðurinn er orðinn meira markaðsdrifinn en hráefnisdrifinn og starfsemin gengur í vaxandi mæli þvert á þá flokkun sem áður tíðkaðist, þar sem iðngreinar eru flokkaðar eftir því úr hvaða hráefni er unnið. Fyrirtækin sjálf hafa einnig breyst og þar með þarfir þeirra,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Þjónustan aðalatriði

Árið 1994 voru sex samtök sameinuð í Samtökum iðnaðarins og í raun hófst þá breyting á starfi og stefnu Samtakanna, sem markaðist af breyttum aðstæðum bæði hér heima og erlendis.

„Í byrjun voru Samtökin hólfuð niður eftir atvinnugreinum eins og vonlegt er. Nú gengur þetta æ meira þvert á atvinnugreinaskiptinguna og óhætt er að fullyrða að þjónustan sé orðið aðalatriðið í stað þess að líta á SI alfarið sem baráttutæki fyrir bættum starfsskilyrðum einstakra iðngreina,“ segir Sveinn.

Hann bendir á að stjórnsýslan og ráðuneytisskiptingin endurspegli enn samsetningu atvinnulífsins eins og hún var fyrir áratugum síðan og segir að stjórnkerfið hafi alls ekki fylgt þróuninni. Breytingar á löggjöf og stjórnsýslu hafa ávallt tilhneigingu til að taka lengri tíma en breytingar á fyrirtækjunum og hagsmunasamtökum þeirra.

„Breytingin við sameininguna 1994 opnaði fyrir því að hægt væri að byggja upp þverfag-

lega sérfræðiþjónustu og einmitt þetta höfum við verið að gera hægt og bítandi.


Nýtt skipurit eða skipulag Samtakanna sýnir glögggt að starfsemin er breytt. Í kjarna eru stjórnunar- og stefnumótunareiningar, þá einstök mál-efnasvið og loks aðildarfyrirtækin skipt í starfsgreinahópa. Sveinn segir mikilvægt að átta sig á að hér sé reynt að setja fram á myndrænan hátt hvernig unnið sé en að sjálfsögðu skarist verkefni og flæði vinnunnar gangi jafnt frá kjarna að ysta hring og frá ysta hring að kjarna. “

EES var hvatinn

Sveinn telur að tilurð Evrópska efnahagssvæðisins hafi verið einn helsti hvatinn að þeim miklu breytingum sem hafa orðið í íslensku atvinnulífi síðustu 10–15 árin.

„Þetta var mikill vendipunktur í þróun iðnaðarins og markaði í rauninni þáttaskil. Allt í einu var allt þjóðfélagið komið í samkeppni og þá á ég ekki bara við iðnaðinn, sem þegar var löngu kominn í óhefta samkeppni, heldur flest önnur svið þjóðfélagsins líka. Samkeppnin í iðnaðinum kom með EFTA og fríverslunarsamningum við ESB en það sem vantaði voru skýrar leikreglur og samkeppni á sviðum eins og tryggingum, fjármálastarfsemi, opinberum innkaupum og útbodum. Við höfum verið eindregnir hvatamenn þessara breytinga og um leið þrýst á um að þessar leikreglur komi hér til framkvæmda og að eftir þeim sé farið undanbragðalaust,“ segir Sveinn.

„Við erum hlynntir þeirri alþjóðavæðingu, frelsi í viðskiptum og samkeppni sem ESB er að reyna að koma á. Við teljum að reynslan sýni að þær reglur sem henta Evrópu, með sínum nærri fimm hundruð milljónum íbúa, hljóti að henta okkur líka. Við erum ekki öðru vísi, fyrirtækin okkar hafa sömu þarfir og öll reynsla sýnir að okkur henta sömu reglur og evrópsk fyrirtæki búa við.“



Nýtt Hið nýja skipurit SI gengur út frá þjónustuhlutverki samtakanna.

Erum með aukaaðild

Sveinn segir það sé á ýmsan hátt ein-kennilegt að við skulum taka alla þessa löggjöf upp hér á landi en hafa ekki nein áhrif á framvindu mála.

„Reglurnar koma frá Evrópu eins og málin eru í dag en við fáum bara engu um ráðið og varla lagt orð í belg. Við erum í raun með auka-aðild að ESB sem virðist henta okkur ágætlega, en því er ekki að leynd að við sjáum stundum tilfelli þar sem hefði verið betra að sitja við borðið þar sem ákvarðanir voru teknar. Raf-

orkumarkaðurinn er gott dæmi um þetta, þar sem við höfum enga tengingu við raforkumarkaði annarra landa og einn aðili er algerlega markaðsráðandi í framleiðslu raforku hér á landi. Hér þurfum við heimatilbúnað skipulagsbreytingar, þannig að framleiðendur verði hér fleiri og samkeppnin þar af leiðandi meiri. Þarna duga Evrópureglurnar okkur ekki, af því að við erum ekki hluti af evrópskum raforkumarkaði,“ segir Sveinn.

Hann bendir á að fjar-skiptamarkaðurinn sé aftur á móti dæmi um jákvæð áhrif samkeppninnar.

Örar breytingar þýða nýjar áherslur

„Við leggjum mikla áherslu á að móta stefnu Samtakanna í nánu sambandi við aðildarfyrirtækin og fá hjá þeim verkstjórn ef svo má segja,“ segir Sveinn.

„Þetta er okkur nauðsynlegt, því innan okkar vébanda er ótrúlega fjölbreytt flóra fyrirtækja hvort sem lítið er til stærðar eða viðfangsefna. Okkar markmið er auðvitað að skapa sem best rekstrarskilyrði þannig að sem flest fyrirtækin dafni og skili arði til eigenda sinna og samfélagsins alls. Hin síðari ár hafa áherslur í starfi okkar beinst meira og meira að málum á borð við menntamál, umhverfismál og gæðamál, auk hinna klassisku grundvallarþátta sem felast í stöðugu efnahagsumhverfi.“

„Það er kappsmál okkar að ýta undir tilurð og vöxt fyrirtækja sem skapa mikinn virðisauka og skila mikilli arðsemi. Til þess að það sé unnt þurfum við umhverfi sem stuðlar að grósku í nýsköpun og vísindastarfsemi og hvetur ungt fólk til þess að mennta sig og takast á við ógrandi verkefni. Harðnandi alþjóðleg samkeppni krefst þess að þetta takist. Sem betur fer er vaxandi skilningur á þessu í þjóðfélaginu og þar tel ég að Samtök iðnaðarins hafi lagt sitt af mörkum,“ segir Sveinn að lokum.



Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir

Iðnaðarhurðir

Ál-trégluggar

Rennihurðir

Hringhurðir

Trégluggar

Álgluggar

Loftristar

Tréhurðir

Útihurðir

Álhurðir

Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050

www.gluggasmidjan.is

Aukinn stuðningur við ESB í VG

Lítil hreyfing er á viðhorfi almennings til Evrópusambandsins, en mælingar á þessu hafa farið reglulega fram síðan 2000.

Samkvæmt skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði nýlega fyrir Samtök iðnaðarins um viðhorf almennings til Evrópusambandsins virðast fremur litlar breytingar hafa orðið á viðhorfi manna til þessa máls.

Það vekur þó athygli að talsvert fleiri kjósendur Vinstri grænna eru hlyntir aðild Íslands að ESB en fyrri kannanir hafa sýnt. Skýringin á því þarf þó ekki að vera að flokkurinn sem stjórnmálaflokkur sé jákvæðari í garð Evrópusambandsins. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Capacent Gallup, sem stjórnaði könnuninni segir að önnur skýring sé nærtækari.

Aukinn stuðningur í VG

„Viðhorfsbreytingarnar geta stafað af því að Vinstri græn eru að stækka og nýir hópar kjóenda hafa veitt þeim fylgi sitt að undanförnu. Þetta gæti því stafað af því að þessir nýju fylgismenn sem hyggjast kjósa Vinstri græn í alþingiskosningunum í vor hafi almennt jákvæðari afstöðu til ESB en þeir sem fyrir voru í hreyfingunni og séu ekkert endilega í takt við flokksforystuna hvað þetta varðar,“ segir Guðbjörg Andrea.

Í annarri könnun, sem Capacent Gallup gerði fyrir Morgunblaðið og RÚV og birt var fyrir helgi, kemur fram að Vinstri græn hafa aukið fylgi sitt umtalsvert á síðustu mánuðum og eru nú orðin stærri en Samfylkingin. Þetta rennir stoðum undir þá skoðun að nýir kjósendahópar hafi komið til VG án þess þó að afstaða þeirra til sértækra mála, eins og aðildar að Efnahagsbandalaginu, hafi breyst verulega.


Sveiflast með umræðunni

„Viðhorf manna til þessa máls virðast lítið hafa breyst, stuðningur manna við aðild-arviðræður helst kringum 60% og um og yfir helmingur þjóðarinnar telur að aðild að ESB yrði almennt hagstæð fyrir lífskjör manna.



Morgunblaðið/G. Rúnar

Tölfræði Guðbjörg Andrea Jónsdóttir annast Evrópukannanir SI hjá Capacent Gallup.



Verðmætasköpun á Íslandi

Uppruni verðmætasköpunar á Íslandi hefur breyst mikið undanfarna áratugi. Stærsta breytingin felst í aukinni fjölbreytni. Á síðustu árum hefur vægi þjónustu aukist og á það einnig við um iðnaðinn en hvers kyns þjónustuiðnaður og hátækniþjónusta hafa vaxið mikið. Árið 2005 skapaði iðnaðurinn tæpan fjórðung af verðmætasköpuninni.

Hátækni og mannvirkjagerð

Hátæknigreinar skapa nú tæplega 4% af landsframleiðslunni og horfur eru á að vöxtur þeirra aukist. Þessar greinar voru vart merktanlegar fyrir rúmum áratug. Mannvirkjagerð er nú á mikilli uppleið og skapar meira en 10% af verðmætum þjóðarþúsins. Þessi geiri er hins vegar nokkuð sveiflukenndur milli ára og mikill uppgangur nú skýrist m.a. af fjörugum íbúðamarkaði og fjárfestingum í ál- og orkuverum. Framleiðsla ál- og kísiljárns vegur 1,3% en rétt er að benda á að stór hluti veitustarfssemi er til kominn vegna raforkuöflunar til stóriðju. Vegna núverandi stóriðjuframkvæmda mun álframleiðslan meira en þrefaldast innan fárra ára.

Fimmtungur starfar í iðnaði

Ríflega fimmtungur vinnuafsa Íslandi starfar í afar fjölbreyttum iðnaðarstörfum. Í þessum störfum verður hins vegar til um fjórðungur verðmætasköpunar í landinu sem gefur til kynna að framleiðni í íslenskum iðnaði sé góð. Af einstökum greinum í iðnaði vegur mannvirkjagerð þyngst en þar starfa nú um 14.000 manns og hefur fjölgað mikið á fáeinum árum. Skipan fólks í störf tekur mið af atvinnuskipan á hverjum tíma. Skiptingin hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og munar þar mest um fjölgun opinberra starfsmanna og samdráttar í fiskveiðum og vinnslu. Veruleg fjölgun hefur orðið í hvers kyns þjónustu, sér-



staklega í fjármála- og viðskiptaþjónustu af ýmsu tagi.

Uppgangur á fasteignamarkaði

Frá árinu 1998 til ársloka 2005 fjölgaði störfum á Íslandi um tæp 20.000 sem svarar til um 2.400 starfa á ári að jafnaði. Mest hefur fjölgunin verið í opinberum störfum, s.s. í heilbrigðisþjónustu og í fræðslustarfssemi. Gífurleg aukning hefur verið í mannvirkjagerð og kemur sú aukning fyrst og fremst fram á árunum 2004 og 2005. Kemur þar til uppbygging stóriðju og mikill uppgangur á fasteignamarkaði. Þjónusta af ýmsu tagi vex einnig hratt og sem dæmi má nefna að störfum í fast-


eigna- og viðskiptaþjónustu fjölgaði um 51% á tímabilinu. Mesti samdrátturinn er í sjávarútvegi eða sem svarar til 3.900 starfa. Nokkur samdráttur hefur verið í almennum iðnaði og skýrist það líklega af flutningi fólks yfir í mannvirkjagerð.

Gjaldeyrstekjur af stóriðju

Vægi einstakra atvinnugreina í öflun gjaldeyrstekna endurspeglar vel þær breytingar sem orðið hafa í íslensku atvinnulífi á síðustu misserum. Hlutfallslegt vægi sjávarútvegs hefur minnkað úr tæpum 60% árið 1990 í tæp 30% árið 2005 þó að íslenskur sjávarútvegur hafi verið að eflast. Ástæða þess er fyrst fremst mikil uppbygging á



Heimild: Hagstofa Íslands *Hátæknuiðnaður af skipulögðum sem kynnti sem leggja meira en 4% af veltu í rannsóknir og þróunartækni



Heimild: Hagstofa Íslands *) Husbúnaðargreir meðaltal **) Ýmis þjónustuiðnaður meðaltal

öðrum sviðum atvinnulífsins, einkum í hátækni, stóriðju og þjónustu. Mikill vöxtur er fyrirsjáanlegur í þeim gjaldeyrstekjum sem stóriðjan skapar árið 2007 og enn meira 2008. Á síðustu tveimur árum hefur mestur vöxtur hins vegar verið í svokölluðum þáttatekjum. Þær mæla vaxtatekjur, hagnað,

Stuðningur við aðild hefur lítið breyst og hefur að jafnaði verið á milli 40 og 50% síðan árið 2000 á meðan fylgi við upptöku evrunnar hefur vaxið jafnt og þétt síðustu tvö árin. Stuðningur við upptöku evrunnar nálgastr nú 50% en þess ber þó að gæta að viðhorf manna sveiflast nokkuð í takt við umræður í þjóðfélaginu,“ segir Guðbjörg Andrea.

Kannanir hafa farið reglulega fram síðan í ágúst 2000, tvisvar á ári nema árið 2003 þegar aðeins ein könnun fór fram. Kannanirnar hafa verið gerðar í febrúar og ágúst. Þær sýna meðal annars að þeim sem telja að það sé gott fyrir efnahag Íslands sem heild að ganga í Evrópusambandið fækkaði nokkuð frá febrúar 2002, þegar 66,9% aðspurðra töldu það gott, fram til febrúar 2003 þegar einungis 43,5% voru þessarar skoðunar. Síðan þá hefur þeim aftur fjölgað hægt og bitandi og voru nú í febrúar 55,7% þeirrar skoðunar að það væri gott fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í Evrópusambandið.

Nýjar spurningar

Í fyrsta skipti var nú spurt hvort líklegt væri eða ólíklegt að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu og eins hvort menn teldu að Ísland myndi sækja um aðild á næstu fimm árum, á næstu fimm til tíu árum eða síðar.

Fyrirnefndu spurningunni svöruðu 14% þannig að það væri mjög líklegt, 43,8% að það væri frekar líklegt en 26,7% töldu það frekar ólíklegt og 10,6% að það væri mjög ólíklegt. 5% tóku enga afstöðu.

Varðandi það hvenær Ísland myndi sækja um aðild svöruðu 16,6% að það yrði á næstu fimm árum, 34,5% að það yrði á næstu fimm til tíu árum en 5,7% svöruðu að það yrði síðar. 43,1% töldu umsókn ólíklega eða tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

Upphaflegt úrtak í könnuninni var 1350 og endanlegt úrtak 1307. Fjöldi svarenda var 800 eða 61,2%.

„Úrtakið í þeim könnunum sem Capacent Gallup hefur gert hefur verið það sama, um 1200 til 1350 manns, og svarhlutfall á bilinu 60-70%,“ segir Guðbjörg Andrea.

Áhrif hnattrænnar hlýnunar

Því er spáð að hin hnattræna hlýnun, sem við höfum þegar orðið áþreifanlega vör við á síðustu áratugum, muni halda áfram alla öldina. Áhrifin á auðlindanýtingu og byggðaðþróun verða margskonar,“ segir Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.

Alþjóðleg umskipunarhöfn

„Það sem líklega mun hafa mest áhrif er opnun siglingarleiða um Norður-Íshafið, og alla leið yfir í Kyrrahaf þar sem stærsta markaðssvæði heimsins er í örri þróun, bæði á vesturströnd N-Ameríku og í SA-Asíu. Þegar þessi siglingaleið verður orðin opin mestan hluta ársins, verður Ísland í fyrsta sinn komið í þjóðleið flutninga um hnöttinn.“

Árið 2005 gaf utanríkisráðuneytið út skýrsluna „Fyrir stafni haf – Tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum“. Þar er sett fram frumkönnun á því að umskipunarhöfn við annan enda þessarar siglingaleiðar verði byggð á Íslandi.

„Þrjár staðsetningar voru kannaðar: Hvalfjörður, Eyjafjörður, og svo Reyðarfjörður. Virðist hann vera bestur út frá siglingatæknilegum atriðum.“

Haldin verður alþjóðleg ráðstefna um þessi mál á Akureyri 27. og 28. mars næstkomandi.

„Hér yrði um mikið mannvirki að ræða og mikla starfsemi, hugsanlega með umsetningu á 2 milljónum gámaeininga á ári, sem er meira en 20 sinnum flutningamagnið um Reykjavíkurhöfn nú. Auk þess er möguleiki á ýmsum vinnsluðnaði.“

Byggðáhrifin af þessu fyrir viðkomandi landshluta – og reyndar fyrir landið allt – yrðu gífurleg. Hér yrði í raun komin aðalverslunarhöfn landsins þar sem ódýrustu flutningarnir og besta dreifikerfið myndu – höfn sem væri mikilvægur liður í breyttu samgöngukerfi heimsins.“

Gífurleg orkuþörf

Áhrifunum af þessu lýsir Trausti Valsson í bók sinni „How the World will Change – with Global Warming“, sem kom út fyrir síðustu jóla, og fæst í helstu bókabúðum.

„Þessi höfn mun þurfa – ef af byggingu hennar verður – mjög mikla orku, bæði til rekstursins og eins á skipin. Er talið að olíuþörfin verði álíka og fyrir Ísland allt í dag. Ef vetnisvæðing skipa kæmist á skrið á öldinni, mætti setja upp vetnisverksmiðju á hafnarbakkanum og selja íslenska orku á skipin háu verði. Hugsanlega gæti þannig vetnisframleiðsla tekið við sem stórnotandi á orku, og það á herra verði en nú er,“ segir Trausti.

Hann bendir á að mjög vel horfi með framleiðslu á orku með hlýnandi veðurfari. „Jöklarnir bráðna núna um ca. einn metra á ári, sem þýðir viðbótarorku sem samsvarar einni Blönduvirkjun.“

Eftir að jöklarnir taka að minnka njóta virkjanirnar þess að með hlýnuninni kemur aukin úrkoma.

Sé svo loks litið til lengri framtíðar, þá munu mörg háhitasvæði, sem nú eru undir jöklum, verða aðgengileg. Þetta mun í fyllingu tímans koma orkuvinnslu og byggðaðþróun úti á landi mjög til góða“



Breytingar Áhrif hnattrænnar hlýnunar á auðlindanýtingu og byggðaðþróun verða margskonar, segir Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.



Tengsl Háskólaumhverfið er gífurlega mikilvægt fyrir vöxt og þróun atvinnulífsins á Íslandi.

Morgunblaðið/Kristinn

Hugsaðu um heilsuna!

Gamla góða Óskajógúrtin – bara léttari

Frískandi, hollur og léttur drykkur í dós

Svalandi, próteinríkur og fitulaus

Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust

Fitusnauðar og mildar ab-vörur – dagleg neysla stuðlar að bættri heilsu og velliðan

Fréttir í
tölvupósti
mbl.is


MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Nýting og verndun auðlindanna

Kaflar úr ræðu Víglundur Þorsteinssonar, forstjóra BM Vallár

Umræðan um nýtingu orkulinda okkar er mjög tilfinningaþrungin og oft þannig að hér er umræðan um annaðhvort nýtingu eða verndun en ekki hvort tveggja og eins og nauðsynlegt er að nálgast hana.

Sjálfbær þróun

Í stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar, koma þessi markmið fram: „Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er af endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.“

Slík orkustefna er nú mjög í tísku. Dæmi þar um eru Svíar sem stefna að því að stórdraga úr eða jafnvel verða óháðir jarðefnaeldsneyti þegar árið 2020.

En orkustefna felur í sér fleira en að skipta út innfluttri orku fyrir innlenda. Hún hlýtur jafnframt að taka til allrar nýtingar á orkulindum þjóðarinnar að teknu tilliti til umhverfisáhrifa, forgangsroðunar og aðgengi að auðlindunum ...“

Innflutningur og breyttir tímar

„Vafalaust mun hægja á hinni miklu fjölgun nýbúa og einhverjir þeirra sem komu vegna stór-íðjuframkvæmda fara aftur heim.

En ekki allir, nema komi til stöðunar og samdráttar.

Slíkur samdráttur er reyndar hafinn því árið 2006 var hagvöxtur á mann neikvæður í fyrsta skipti í mörg ár.

Á þessu ári er það spá mín að samdráttur í hagkerfinu mælist 1–2% og að atvinnuleysi í árslok mælist meir en 3%.



Við Íslendingar þurfum nú að líta til þess hvers konar þróun við viljum stefna að á þessari öld.

Það er líklegt að þessi öld verði öld mikilla umbreytinga í

heimsbúskapnum.

20. öldina má með sanni kalla öld oliunnar og gerviefna úr olíu.

21. öldin verður væntanlega öldin þar sem olían og gerviefnin láta undan síga fyrir nýjum eldsneytis- og orkugjöfum og náttúrulegum efnum í stað gerviefna.

Nú er svo komið að árlega vinnum við úr jörðu meiri olíu en okkur tekst að finna af nýjum birgðum og það sem meira er vinnslukostnaður nýju oliunnar sem og gjörnýting gamalla olíulinda er miklu hærri heldur en vinnslukostnaður var á síðustu öld.

Á sama tíma hafa þjóðir Asíu byrjað mikla sókn til bættra lífskjara sem leitt hefur af sér mikla eftirspurnaraukningu þeirra eftir hvers konar hrávörum og ekki síst olíuvörum.

Segja má að 4.500 millj. manna séu á hraðferð til að bæta lífskjör sín og spurningin er. Getur það gerst nema að lífskjör íbúa Vesturlanda skerðist á sama tíma a.m.k. fyrst um sinn?

Eitt er víst, að stóraukin eftirspurn þessara þjóða eftir olíu og olíuvörum leiðir til þess að endalok oliunnar í hagkerfi heimsins nálgast hraðar en menn höfðu áður gert ráð fyrir.

Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort endalokin eru eftir 50, 100 eða 150 ár áhrifanna gætir þegar. Þau munu birtast jafnt og þétt í hærra verði olíu og ýmissa hráefna.“



Morgunblaðið/Steinnur Ásmundsdóttir

Fjarðarál Álverksmiðjur eru kjörnar byggðakjölfestur í dreifbýlinu á Íslandi, að mati Víglundar.

Hvað ef olíuna þrýtur á þessari öld?

„Upphafið að endalokum olíu-hagkerfisins er að flestra mati hafið.

Eftirspurn eftir olíu vex hratt og verðið hækkar. Þess er ekki langt að bíða að við sjáum olíutunnu fara yfir 100 USD að mati helstu olíu-sérfræðinga heimsins.

Áhrif þessa verða að opna ýmiss konar ný tækifæri í eldsneytisframleiðslu og efnistækni.

Ef við lítum í kringum okkur og reynum að gera okkur í hugarlund hvað það er sem hverfur með olíunni

og er órjúfanlegur hluti af okkar daglega lífi og sem var fylgifyskur olíubyltingarinnar á 20. öld.

Koma þá plast og ýmis gerviefni byggð á plasti fyrst í hug.

Allt í kringum okkur í hinu daglega lífi er að finna plast og önnur gerviefni sem voru mörg hver frægustu uppgötvanir efnistækninnar á 20. öld.

Hver veit, a.m.k. er öllum að verða ljóst að aðgengi að þessum efnum verður takmarkaðra en það er í dag. Allt bendir til að verð olíuvara muni stórhækka á komandi árum og áratugum.

Gangi þetta eftir er ljóst að eftirspurn eftir endurnýjanlegri sem og vistvænni orku í heiminum munu vaxa jafnt og þétt. Þessi þróun leiðir líka af sér miklar kröfur til rannsóknar og nýsköpunar á sviði efnistækni sem að getur komið í stað plasts og annarra gerviefna.

Í ljósi þessa þurfum við Íslendingar að ræða og leysa ágreining okkar sem nú er uppi um nýtingu orkulinda þjóðarinnar. Ef þessi þróun gengur eftir er ljóst að hér á landi er að finna auðlindir sem allur heimurinn mun ásælast.

Engin þjóð á jafn mikið af endurnýjanlegum orkulindum ef mælt er eftir hinni frægu höfðatölureglu okkar og við og alveg öruggt að margir íbúar annarra landa munu vilja hjálpa okkur að deila þessum auðæfum með því að flytja til landsins ...“

Niðurstaða

„Við Íslendingar munum grundvalla hagvöxt okkar á þessari öld á miklum vexti í íslenskum orkuiðnaði.

Sá orkuiðnaður verður mun víðfeðmari en í dag.

Álverksmiðjur eru kjörnar byggðakjölfestur í dreifbýlinu á Íslandi. Reynslan frá Hafnarfirði og Grundartanga er ótvíræð. Sömu áhrif eru að koma í ljós á Reyðarfirði.

Par eru jafnframt að verða þau áhrif að álverið á Mjóeyri er að valda byltingu í vöruflutningum á Norður- og Austurlandi sem væntanlega mun skila landsbyggðinni lægri flutningskostnaði.

Par er góður kostur til að styrkja og jafna búsetu á landinu að reisa álver á stöðum eins og Reyðarfirði og Húsavík.

Byggðaaáhrif þess eru líkleg til að verða mun öflugri þar en hér á höfðborgarsvæðinu og skal þó ekki gert lítið úr þeim hér.

Áframleiðsla ein og sér er þó ekki eini kosturinn þar sem efnistækni framtíðarinnar kann að breytast ört.

Ef við stækkum álverið í Straumsvík um 280 þús. tn. á ári og byggjum álver á Húsavík af stærðinni 250–

300 þús. tn. verður árleg framleiðsla okkar á áli eftir 7–10 ár á bilinu 1,3–1,4 millj. tn.

Við þær aðstæður er skynsamlegt að beina þróuninni á nýjar brautir til að auka enn fjölbreytni íslensks atvinnulífs og leggja grunn að traustum framtíðarhagvexti.

Vel undirbyggð og ígrunduð hagnýting jarðhita þar sem þess er gætt að gjörnýta afl og orku mun hafa mikil og öflug áhrif í dreifbýli á Íslandi á þessari öld.

Það er nokkur nýtingarmunur á jarðhita og vatnsorku þar sem jarðhitinn er þeim böndum bundinn að hann krefst nýtingar í nánd við orkuverin ef nýta á bæði aflið og varmaorkuna þar sem flutningsmöguleikar varmans sem lágþrýstrar gufu eru takmarkaðir. Með réttum aðferðum og undirbúningsrannsóknum er það skoðun mín að jarðhitannýting á Íslandi eigi að vera möguleg í sjálfbærri þróun.

Pó að umræðan um nýtingu orkulinda okkar sé á algjörum villigötum í dag þar sem ýmsum tilfellum er í besta falli um vanþekkingu og skammsýni að ræða og í sumum hreint lýðskrum mun hún breytast hratt í náinni framtíð þegar við þurfum að horfa betur framan í þær breytingar sem bíða okkar á næstu árum og áratugum.

Breytingar eru komnar í fleygi-ferð um allan heim og við þurfum að ákveða okkur um það hvernig við ætlum að leysa úr málum.

Hagvöxtur þessar aldar á Íslandi verður fyrst og fremst borinn uppi af fjölbættum orkuiðnaði, slíkur iðnaður verður síðan vaxtarskjól fyrir fjölbreyttan hugvitsiðnað sem mun vaxa og dafna til ýmissa útrásarverkefna.

Fiskurinn var aðalhavvaxtarkveikja fyrstu áratuga 20. aldar, á seinni hluta hennar kom orkuiðnaðurinn inn til hjálpar og fríverslun og frelsi.

Sá hagvöxtur sem fiskurinn leggur til á þessari öld er eingöngu sú verðmætisaukning sem við náum fram á okkar jafnstöðuafli.

Hagvaxtarbylgja orkuiðnaðarins mun styrkja hugvitsiðnaðinn, ferðaiðnaðinn, landbúnaðinn, mann-virkjagerð og fjármálaíðnaðinn svo eitthvað sé nefnt.

Endurnýjanleg orka verður okkur Íslendingum það sem olían var Sádum og öðrum arababjóðum á síðustu öld.

Það eru margir sem nú þegar öfunda okkur af þessari eign. Við skulum því vanda okkur vel við nýtingu hennar til framleiðslu og úrvinnslu undir formerkjum RÍÓ yfirlýsingarinnar.“

Nútímaaðferðir við stefnumótun

NÚTÍÐIR

FRAMTÍÐIR

Notkun *scenario* (sviðsmynda) og *foresight* (framsýni) við stjórnun og þróun

Ráðstefna haldin á Grand Hótel Reykjavík

21. mars 2007

kl. 09:00 - 12:00

Dagskrá

09:00 – 09:05 **Ávarp**

Jón Sigurðsson, iðnaðar og viðskiptaráðherra

09:05 – 09:25 **Framtíðin byrjar hér og nú**

Eiríkur Ingólfsson, ráðgjafi hjá PTL

09:25 – 10:05 **Framsýni sem hvatir til endurnýjunar vísinda- og rannsóknastefnu**

Jan Dietz, ráðgjafi í framtíðarfræðum hjá Norges forskningsråd

10:05 – 10:15 **Kaffi**

10:15 – 10:55 **Hagnýting „Scenario/Foresight“ aðferða fyrir fyrirtæki og stofnanir til að móta sameiginlega framtíð í góðæri**

William Fagerheim, forstjóri ráðgjafafyrirtækisins Mind the Gap

10:55 – 11:15 **Umfiðun um fleiri árangursrík dæmi**

11:15 – 11:45 **Umræður**

11:45 – 12:00 **Bókarkynning: „Sviðsmyndir - scenario“**

Sævar Kristinsson, Netspor ehf. og Karl Friðriksson, Löntæknistofnun

Ráðstefnustjóri:

Sigríður Ingvarsdóttir, Impira nýsköpunarmiðstöð á Löntæknistofnun

Ráðstefnugjald og skráning:

7.500 kr. - Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið: **osk@iti.is**

Auðlindanýting og byggðaðpróun

Nýting náttúrunnar stórt verkefni

Steingrímur J. Sigfússon

Verndun og nýting náttúruauðlinda þjóðarinnar er eitt af allra stærstu viðfangsefnum samtímans. Nauðsynlegt er að framfari allsherjar endurmat á því hvernig við Íslendingar stöndum þar að málum. Meðan slíkt endurmat fer fram á að sjálfsögðu ekki að taka stórar og óafturkræfar ákvarðanir sem hafa í för með sér stórfelld umhverfisspjöll eða skerða möguleika og lífsgæði komandi kynslóða, þar með talið til annars konar atvinnuuppbyggingar,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon í tengslum við Iðnjöngið.

Auðlindir líka huglægar

Steingrímur segir að hið stóra leiðarljós í þessum efnum sé sjálfbær þróun, sjálfbærnihugtakið. „Um leið og við höfum grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar til hliðsjónar í allri okkar framgöngu, í allri okkar ákvarðanatöku, erum við komin langan veg frá þeirri blindu og einhæfu nálgun sem einkennt hefur stóriðjutrúboðið.“ Hann bendir á að hafa verði í huga að auðlindir séu bæði efnislegar og óefnislegar eða huglægar. „Þá ber að virða að verndun auðlindanna þarf alls ekki að þýða það sama og þær verði ónýttar. Spurningin er yfirleitt um hvers konar nýtingu verður að ræða og hvenær og hvernig. Í tilviki fallvatna og jarðhitasvæða snýst spurningin um það hvort um annars konar nýtingu verður að ræða en að virkja ár til orkuframleiðslu eða bora sundur háhitasvæði.“

Hreint vatn og norðurljós

„Náttúran, landið sjálft, landslagsheildir, orðstír landsins og mynd eru allt auðlindir á sinn hátt. Enginn veit hverjar þessara auðlinda – efnislegar auðlindir eins og fiskstofnarnir eða orka í fallvötnum og jarðhitasvæðum eða óefnislegar og huglægar auðlindir eins og ósnortin náttúra, gott orðspor Íslands, hreint vatn, norðurljósín á heiðum himni – hvað af þessu á eftir að reynast okkur dýrmætast að áratugum eða öldum liðnum. Svo má ekki gleyma mikilvægustu auðlindinni sem er þjóðin sjálf, mannauðurinn. Allt þetta þarf að hafa í huga þegar mótuð er framsækin og yfirveguð atvinnu- og byggðastefna fyrir eitt land,“ sagði Steingrímur. „Landsbyggðin á auðvitað sérstaklega mikið undir því að vel takist til með verndun og nýtingu hennar auðlinda ef nota má það orð. Landið sjálft og náttúran – bæði lífrænar eða efnislegar auðlindir fiskimiðanna, orkan og landið sjálf, sem og afleiddir möguleikar t.d. og ekki síst í ferðaþjónustunni – allt þarf þetta að meðhöndlast af nærgætni og þannig að engir framtíðarmöguleikar glatist. Ein auðlindin er byggðin sjálf. Að henni þarf að hlúa því landið verður minna og fátækara og framtíðarmöguleikar glatast með hverri byggð sem eyðist.“

Landsbyggðin á mikla möguleika

Steingrímur segir að stjórnvöld eigi ekki að reyna að stýra byggðaðpróuninni með miðstýrðum risaákvörðunum. Hins vegar eigi að taka á með heimafólki í byggðunum með því að bæta almennar aðstæður og þróunarforsendur mannlífs og byggðar. „Það verður best gert með því að bæta samgöngur og fjarskipti, tryggja jafnan aðgang og jafnrétti gagnvart nauðsynlegri opinberri

þjónustu og jafna lífskjörin, þ.e.a.s. með því að taka á þeim þáttum þar sem hallar á landsbyggðina sérstaklega, eins og hvað varðar háan flutningskostnað, hátt orkuverð og slíka þætti. Ég er sannfærður um að landsbyggðin á gríðarlega möguleika og getur orðið vettvangur stórs hluta hagvaxtar og framfara í land-

inu á komandi áratugum ef rétt verður á málum haldið, ekkert síður en höfuðborgarsvæðið eða stærstu þéttbýlisstaðirnir. En það kostar auðvitað breytt hugarfar og breytta framgöngu stjórnvalda. Lykilorðin eiga að mínu mati að vera; sjálfbær þróun, fjölbreytni og jafnrétti,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.



Morgunblaðið/PÓK

Verðmæti Ósnortin náttúra, gott orðspor Íslands, hreint vatn, norðurljósín á heiðum himni geta orðið útflutningsvara.



Verndaðu fjöregg fyrirtækisins

APC varaaflgjafar – tryggja öryggi tölvukerfisins

APC varaaflgjafar verja viðkvæman búnað fyrir spennusveiflum og ófyrirsjáanlegu straumrofi og tryggja þannig rekstraröryggi til muna.

Áreiðanlegur og traustur búnaður

APC varaaflgjafar hafa verið notaðir í skipum, íslenskum iðnaði og fjölmörgum tölvurýmum á Íslandi í á annan áratug með góðum árangri. Búnaðurinn er auðveldur í uppsetningu og viðhaldi og þekktur fyrir lága bilanatíðni og langan endingartíma.



SMART UPS

Fáanlegt í aflstærðum 750 VA til 5000 VA

SMART UPS RT

Fáanlegt í aflstærðum 1000 VA til 10 KVA

APC SMART UPS línan er hönnuð fyrir netþjóna, gagnageymslur, net- og stjórnþúnað, jafnt í almennum rekstri á tölvukerfum sem og í rekstri annars búnaðar í iðnaðarumhverfi. SMART UPS fæst í nokkrum útgáfum, bæði í 19" og fristandandi einingum.

Rafhlöður fyrir APC búnaðinn eru útskiptanlegar á meðan búnaðurinn er í fullum rekstri.



Himni og haf / SÍA



Nýherji er markaðsdrifin þekkingar fyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.



NÝHERJI

Stöðuleikinn, gengið og krónan

Vaxtastefnan skapar mikil vandamál

Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis

Útflutningsatvinnuvegirnir hafa búið við mjög hátt gengi undanfarin ár og sveiflukennt gengi líka og það gefur auga leið að það er mjög erfitt að stýra útflutningsfyrirtæki í þessu umhverfi. Þetta ástand er náttúrulega búið til hér heima hjá okkur þar sem Seðlabankanum er uppalagt að stemma stigu við verðbólgu með vaxtastefnu,“ segir Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis.

Ekki sök Seðlabankans

Hún segir að vaxtastefnan hafi verið þannig að hún hafi verið síhækkandi og þar af leiðandi ýtt undir innflutning á fjármagni sem svo aftur haldi uppi háu gengi íslensku krónunnar.

„Það er ekki við Seðlabankann að sakast í þessum efnun vegna þess að honum er uppalagt að gera þetta samkvæmt lögum, en hins vegar hefur ríkisreksturinn ekki verið að vinna með þessari þróun eða að reyna að koma í veg fyrir þessa ofhitnun í kerfinu og þar af leiðandi haldið áfram framkvæmdum, stórfamkvæmdum, þegar í raun og veru í þessari stöðu ætti að lægja öldurnar og draga verulega úr öllum útgjöldum ríkisins. Að sama skapi er það náttúrulega stórslys þegar farið

er út í lánveitingu og umbreytingu á húsnæðiskerfinu, sem fleytir tugum og hundruðum milljarða inn í þetta kerfi og heldur ennþá við háu gengi á íslensku krónunni,“ segir Katrín.

Enginn ábati af evrunni?

„Þetta er það sem við búum við og verðum að horfa á, sérstaklega hinn afar óhagstæði viðskiptajöfnuður, sem segir okkur eitt, nefnilega að íslenskir útflutningsatvinnuvegir eru að niðurgreiða verðbólgu sem annars væri ekki til staðar.“

Katrín segir að ef menn velti fyrir sér upptöku evru í stað krónunnar, þá sé það svolítið erfitt að átta sig á því hverju það ætti að breyta í hagstjórnun landsins og hvaða ábata það ætti að færa útflutningsatvinnuvegum og annarri atvinnustarfsemi á Íslandi.

„Þetta er náttúrulega spurningin um það, þegar upp er staðið, að við stjórnnum okkar hlutum sjálf og tökum ábyrgð á því sem við gerum og jafnframt okkar gjaldmiðli, en ekki það að evran eigi að fara að stýra okkur, heldur eigum við að stýra krónunni,“ segir Katrín.



Morgunblaðið/Jim Smart

Saklaus Íslenska vaxtastefnan er ekki sök Seðlabankans og evran getur ekki bætt úr óstjórninni.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Dönsk Krónan er arfleifð dana rétt eins og kórónan á Alþingishúsinu.

Afnemum krónuna, tökum upp evruna

Illugi Jökulsson, ritstjóri

Þjóðhagslega er það auðvitað flókið mál að taka upp evru og það er meira en að segja það að ganga í Evrópusambandið, en ég er eiginlega orðinn hlynntur hvoru tveggja. Ástæðan er fyrst og fremst söguleg, en þegar ég var að alast upp var verðbólga stöðugt í landinu upp á 30, 40 eða 50 prósent og stundum meiri,“ segir Illugi.

Stolt yfir verðbólguþemeti

„Gengisfellingar upp á tugi prósentu voru allt að því daglegt brauð og efnahagskerfið í heild var nánast eins og einhver skonar ímyndun eða sýndarveruleiki. Mest allur tími ríkisstjórnarinnar fór í fyrirbæri sem kallaðist ráðstafanir í efnahagsmálum og skulu yfir svona rétt eins



Nýjung Illugi Jökulsson vill taka upp evru í stað gömlu góðu krónunnar.

og jarðskjálftar tvisvar á ári.“

Illugi segir að einhvern veginn hafi menn verið farnir að trúá því að þó að þetta væri mjög sjúkt ástand, þá væri það nánast eðlilegt samt, því sérstaða Íslands væri svo mikil á öllum sviðum. „Þetta átti einnig við um efnahagsmálin. Og á einhvern ruglaðan hátt var maður næstum því orðinn stoltur af þessari verðbólgu. Við Ís-

lendingar áttum fallegustu konurnar og sterkustu karlana og mestu verðbólgunu. Þetta var einhvern veginn eðlilegt og eitthvað til að vera stoltur af.“

Ímynd danska kóngsins?

„Þegar verðbólgan var svo allt í einu slegin af kringum 1990 þá fór maður að trúá því að hún væri endanlega dauð en nú er hún aftur farin að láta á sér kræla og til þess að koma í veg fyrir að hún fari aftur á almennilegt skrið held ég að það sé mikilvægt að losna við helsta þátt óstöðugleikans, sem er íslenska krónan.“

„Ég er hræddur um að það sé oft íhaldssemi og jafnvel ótti sem veldur því að menn vilja halda í krónuna. Sumir líta jafnvel á hana sem einhver konar tákn um sjálfstæði Íslands. En það er misskilningur og holt er að hafa í huga að krónan er jú bara innflutt mynt frá Danmörku og nafn hennar er nú dregið af kórónu danska kóngsins, sem við erum búin að afskaffa fyrir löngu og því þá ekki krónuna líka.“



Verðmæti Orka og stóriðja eru verðmæti en þó engan veginn allt.

Stóriðjan ekki eina úrræðið

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar

Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga endurnýjanlegar auðlindir, bæði fiskimiðin og orkulindirnar. Við höfum lært að umgangast fiskimiðin með ákveðnum almennum reglum og þurfum að læra það líka í afstöðunni til auðlindanna á landi, það er að segja varðandi orkulindirnar, og það gerum auðvitað best með því að rannsaka þær og taka tillit til allra hluta, þar á meðal náttúruverndar. Aðalatriðið frá mínum bæj-



ardyrum séð er að við gerum þetta með sjálfbærum hætti þannig að núverandi kynslóð sé ekki að ganga á rétt næstu kynslóða,“ segir Friðrik.

Auðlindasjóður athyglisverður

„Stóriðjan er auðvitað mikilvæg, fyrst og fremst vegna þess að með henni flytjum við út orkuna og komum henni þannig í verð erlendis. En stóriðjan getur aldrei orðið eina byggðaurræðið. Hún getur verið góð samhliða öðrum þáttum til þess að skapa fjölbreytt og gott mannlíf og ég er viss um það að hún er gott framlag til byggðarinnar fyrir austan á Reyðarfirði og getur áreiðanlega gert heilmikið gagn á Norð-Austurlandi á

Meira jafnvægi í byggðaþróuninni

Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð



Ég ætla að tala hér sem landsbyggðarmaður og einlægur áhugaður um það að það náist jafnvægi í þróun byggðar í þessu landi. Það vita það allir að það hefur ríkt ákveðið ójafnvægi og ástæðurnar finnum við fyrst og fremst í þróun atvinnulífsins. Við vitum það að störfum fækkar sífellt í frumvinnslugreinum en hins vegar þenjast þjónustugreinarnar út. Við sjáum þetta í ýmsu, við sjáum þetta til dæmis í þjónustu ríkisins, þar fjölgar störfum mjög á höfuðborgarsvæðinu en fækkar hins vegar úti á landi.“ „Við sjáum þetta í fjármálageiranum, þar er mikill vöxtur hér á höfuðborgarsvæðinu og í útlöndum en störfum fækkar úti á landi.“ „Það skiptir miklu máli að menn leiti leiða til þess að koma á auknu jafnvægi í byggðaþróuninni og þar tel ég orkufrekan iðnað koma sterklega inn í myndina. Það ætti að vera stefna stjórnvalda að vega það og meta hver samfélagsleg nauðsyn, byggðalega

séð, er á því að byggja upp öflugt atvinnulíf og orkufrekur iðnaður kemur þar mjög sterkt inn. Ég held þess vegna að menn eigi að vega það og meta hvar mikilvægast er að byggja upp slíkan iðnað. Ef við tökum til dæmis það sem er í umræðunni í dag þá tel ég miklu mikilvægara að byggja upp slíkan iðnað á Húsavík heldur en til dæmis að stækka álver í Straumsvík eða byggja álver í Helguvík.“ „Menn þurfa að hugsa þessi mál út frá byggðaforsendum,“ segir Smári.



Morgunblaðið/Steinn Ásmundsdóttir

Kostur Orkufrekur iðnaður á landsbyggðinni eru nauðsynlegur.



Morgunblaðið/Steinn Ásmundsdóttir



Húsavík.“ „Auðlindasjóður er afskaplega athyglisverð hugmynd og ég held að það eigi að ræða hana öfgalaust, eins og allar aðrar hugmyndir, sem geta leitt til sáttar um auðlindamál þjóðarinnar,“ segir Friðrik. Hann segir að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir Íslendinga að þjóðinni takist að halda uppi byggðakjörmum sem víðast á landinu þar sem fólk býr við fjölbreytt atvinnulíf. „Ég held að sama skapi að það sé afar óhagkvæmt ef við söfnum allri þjóðinni saman hér á suðvesturhorninu,“ segir Friðrik að lokum.

Nýir fislettir tímar! Fjölbreytt íslensk framleiðsla



Brunnur ø 1000 mm



Brunnur ø 1000 mm



Brunnur ø 600 mm



Brunnur ø 600 mm



Brunnur ø 400 mm



Kapalbrunnur ø 1000 mm



Framlenging ø 600 mm



Keila ø 600 / 1000 mm

Allar okkar vörur til fráveitulagna þola þyngstu umferð ökutækja!



Framlenging ø 400 mm



Vatnslásbrunnur



Fituskilja



Vatnsgeymir



Sandföng



Sandskilja



Járnbentir brunnhringir



Járnbent lok



Sambyggð sand- og olíuskilja



Rotþró



Frauðplast



Takkamottur



Vegatálmar



Raudbrunir brunnar og framlengingar þola umferð þyngstu bifreiða



Vottað umhverfisstjórnunar-kerfi síðan 1999

BORGARPLAST hf.

Sefgarðar 1-3a, 170 Seltjarnarnes og Völuteigur 31, 270 Mosfellsbær, sími 561 2211
fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is



Vottað gæðakerfi síðan 1993

www.borgarplast.is

Stöðugleikinn, gengið og krónan

Kjarkur og framsýni

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Saga aldanna kennir okkur að íslenskri þjóð hefur alltaf vegnað best þegar hún hefur verið í mestum samskiptum við umheiminn – þá hefur hagsæld og menning blómstrað.

Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Meiri aga á hagstjórnina

„Þátttaka í skuldbindandi alþjóðasamstarfi hefur líka reynst okkur vel og flýtt fyrir framförum hvort sem er á sviði mannréttinda, umhverfismála eða samkeppnismála. Efnahagsmálin lúta ekkert öðru lögmáli. Við þurfum að koma meiri aga á hagstjórnina og aðild að Myntbandalagi Evrópu er ágæt leið til þess. Myntbandalagið gerir kröfur til þess að aðildarþjóðirnar uppfylli tilteknar kröfur s.s. um stöðugt gengi, lága vexti og verðbólgu og við Íslendingar eigum að einsetja okkur að uppfylla þessar kröfur þannig að við getum gerst aðilar að Myntbandalaginu þegar og ef við viljum.“

ESB-aðild er rökrétt framhald EES og EFTA

„Pá og því aðeins getum við gerst aðilar að Myntbandalaginu að við höfum áður gerst aðilar að Evrópusambandinu. Það er mín skoðun að við eigum við að taka upp samningaviðræður við ESB og ég lít raunar á það sem eðlilegt



framhald þeirrar þróunar sem hófst með aðildinni að EFTA árið 1970 og EES árið 1994. Í samningaviðræðum um aðild að ESB hljótum við að hafa það að markmiði að ná samningum sem taka fullt tillit til okkar mikilvægustu hagsmuna sem þjóðar og þeirrar sérstöðu sem leiðir af stöðu landsins og fámenni þjóðarinnar. Ég tel enga ástæðu til að ætla annað en að það takist enda kennir reynslan okkur að við höfum yfirleitt náð okkar markmiðum í alþjóðasamningum þegar mikið liggur við.“

Undirbúningur aðildar yrði aflgjafi fyrir atvinnulíf

„Aðild að Myntbandalaginu krefst umtalsverðs undirbúnings og mun taka tíma en við verðum að setja okkur stefnumið og hefja undirbúninginn. Ég er sannfærð um að það mun leysa mikinn kraft úr læðingi í okkar atvinnu- og viðskiptalífi ef vitað er fyrir víst hver er stefna stjórnvalda – hvert ferðinni er heitið. Ég leyfi mér að fullyrða að slík stefnumótun gæti verið sá aflgjafi fyrir hjól efnahagslífsins sem kæmi í staðinn fyrir þá innspýtingu sem á undanförunum árum hefur verið sótt í fjárfestingu í virkjunum og



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ný mynt Ingibjörg Sólrún telur að krónan fái ekki staðist til frambúðar.



Bein leið ESB-aðild er rökrétt framhald EES og EFTA, segir Ingibjörg Sólrún.

stóriðju. Ísland er ekki lengur efnahagslegt eyland,“ segir Ingibjörg Sólrún.

„En af hverju vil ég setja stefnuna á Myntbandalag Evrópu og upptöku evrunnar? Ástæðan er sú að ég tel að íslenska krónan – þessi örmynt sem hún er – fái ekki staðist til frambúðar í ólgusjó alþjóðlegra fjármagnshreyfinga. Við erum ekki eyland nema í landfræðilegu tilliti og fjármagn streymir frítt á milli landa á örskotsstundu. Það getur reynst íslenskum almenningi og fyrirtækjum bæði erfitt og mjög dýrkeypt að standast ákvarðanir alþjóðlegra spákaupmanna sem versla með íslensk krónubréf.

Miklar sveiflur í gengi, verðbólgu-skot og háir vextir hafa í för með sér mikið velferðartap fyrir íslenska þjóð.“

Íslenska krónan er viðskiptahindrun

Ingibjörg Sólrún segir að íslenska krónan sé að auki viðskiptahindrun sem sjáist best á því hversu lítið er um erlendar fjárfestingar hér á landi nema í stóriðju.

„Erlendir fjárfestar þekkja krónuna varla og treysta henni ekki. Hún takmarkar því svigrúm íslenskra fyrirtækja til að stækka á alþjóðamörkuðum í gegnum skipti á hlutabréfum, hún er ákveðin hindrun í milliríkja-viðskiptum, hún dregur úr gegnsæi í verðlagningu og þar með úr samkeppni hér innanlands. Almennigur og smærri fyrirtæki borga stærstan hluta fórnarkostnaðarins.“

Höfum kjark til að takast á við framtíðina

„Það hvarflar ekki að mér að evran sé allra meina bót. Upptaka hennar friar ekki stjórnvöld frá því að stunda ábyrga hagstjórn. Eftir sem áður skiptir stjórn efnahagsmála innanlands mestu máli um vöxt og viðgang íslensks efnahagslífs. Evran gerir hins vegar kröfur til meiri aga í hagstjórninni. Hún gerir kröfur um annars konar hagstjórn, um meiri stöðugleika en skortur á honum er líklega stærsta efnahagsvandamál Íslendinga nú um stundir.“

Ingibjörg Sólrún segir að það sé tímabært að íslenskir stjórnmalamenn sýni þann kjark og þá framsýni sem þarf til að móta nýja stefnu fyrir Ísland á tímum hnattvæðingar og hætti að fela sig á bakvið þjóðernisleg tilfinningarök. „Til þeirra er jafnan gripið til að halda aftur af framförum sem eru í þágu almennings en draga úr völdum misviturra stjórnmalamanna,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Aðild að ESB er ekki neinn kostur í dag

Illugi Gunnarsson hagfræðingur

Það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að á undanförunum misserum höfum við verið að ganga gegnum miklar breytingar á efnahagskerfinu, vegna meðal annars stóru framkvæmdanna á Austurlandi og hins vegar algera breytingu á íbúðalánamarkaði, sem hefur kallað yfir okkur ákveðna þenslu sem hefur verið í hagkerfinu undanfarin misseri,“ segir Illugi Gunnarsson hagfræðingur.



Ekki hærri raunvextir hér

„Ég held að það sé varhugavert að taka núverandi ástand og út frá því komast að þeirri niðurstöðu að við verðum að taka upp evru. Það er miklu nær að horfa yfir lengra tímabil og þá sjáum við að ef til dæmis er horft á árin 1987 til 2002 að munurinn á raunvöxtum á milli Íslands og Evrópusvæðisins rétt rúm tvö og hálft prósent. Ef hins vegar horft er á tímabilið 1994 til 2000, en þá var mikill stöðugleiki í íslenska hagkerfinu, sjáum við að þessi raunvaxtarmunur var aðeins rétt rúmt prósent.“

Illugi segir að það þýði með öðrum orðum að við eðlilegar aðstæður í íslenska hagkerfinu sé ekki ástæða til þess að ætla að það séu hærri raunvextir hér eða meiri sveiflur heldur en séu á Evrópusvæðinu.

„Spurningin um evruna er auðvitað fyrst og síðast spurningin um það hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Það er mín skoðun að hagsmunir okkar Íslendinga séu þannig að það borgi sig ekki að taka það skref. Við höfum aðgang að innri markaðinum gegnum EES-samninginn, og allir mikilvægir íslenskir hagsmunir eru vel varðir þar með.

Það er ekkert trúaratriði að Íslendingar eigi ekki að vera með í ESB, en við hljótum að horfa til þessara þátta fyrst og fremst út af þeim hagsmunum sem við sjáum núna uppi á borðinu.“

Íslenskt atvinnulíf öflugt

„Þegar við reynum að meta það hvort við eigum að ganga í ES hljótum við að verða að horfa á það hvernig okkur hefur vegnað undanfarin einn og hálfan áratug eða svo. Þá blasir við sú mynd að íslenskt atvinnulíf hefur verið gríðarlega öflugt, kaupmáttur almennings hefur vaxið mjög mikið og atvinnuleysi er nánast óþekkt fyrirbrigði hér á landi. Þess vegna held ég því fram að hagsmuna okkar séu best gætt með núverandi fyrirkomulagi.

Það er ekki þar með sagt að þetta sé hið endanlega rétta en við hljótum fyrst og fremst að meta þá hagsmuni sem eru núna fyrir framan okkur,“ segir Illugi Gunnarsson.



Morgunblaðið/ÞÓK

Evrópa Vænlegast er að horfa til Evrópu til þess að fá áframhaldandi stöðugleika á Íslandi, segir Hörður Arnarson. Hér er hann með Árna Oddi Þórðarsyni, stjórnarformanni félagsins.

Upptaka evru skapar stöðugleika

Hörður Arnarson, forstjóri Marels

Það sem er eitt það mikilvægasta í rekstri útflutningsfyrirtækja er stöðugleikinn, að það sé fyrirsjáanlegt hvernig tekjur og kostnaður muni þróast. Þegar við ræðum um stöðugleika útflutningsfyrirtækja er stöðugleiki í gengismálum mikilvægastur í stöðunni,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marels.

ESB-aðild þarf að skoða

„Til þess að fá áframhaldandi stöðugleika á Íslandi er ljóst að vænlegast er að horfa til þess sem hefur verið að gerast í Evrópu, í okkar helstu samstarfs- og viðskiptalöndum.

Það er ljóst að upptaka evru, eins og hefur verið að gerast í flestum Evrópulöndum, skapar þann stöðugleika sem er nauðsynlegur fyrir rekstur fyrirtækjanna en það er að sjálfsögðu meginforsendan fyrir því að Evrópulöndin hafa ákveðið að fara þessa leið.

Ég tel þess vegna mikilvægt að Íslendingar skoði þetta af fullri alvöru og hugi að því hvaða möguleikar eru í að fara í þá átt að taka upp evru og hugsanlega aðild að Evrópusamband-

inu,“ segir Hörður.

„Sú reynsla sem hefur fengist af peninga-stefnumálum Seðlabankans undanfarin ár og þær miklu sveiflur sem hafa átt sér stað og þeir gríðarlega háu vextir sem hafa verið á þessu tímabili hafa sýnt okkur að íslenska krónan er óhentugur gjaldmiðill og mun nýtast okkur illa í framtíðinni. Það er líka alveg ljóst að myntsvæðin munu stækka í framtíðinni og ég tel að það verði til að minnsta kosti þrjú öflug myntsvæði, sem eru dollarasvæðið, evrusvæðið og hugsanlega Asíu-myntsvæðið og mér finnst það harla ólíklegt að fjórða myntsvæðið verði íslenska krónan.“

Vill málefnalega umræðu

„Ég tel mjög mikilvægt að það fari fram málefnaleg umræða um framtíðina og hvaða myntsvæði Íslendingar ætla að tilheyra. Það er líka mikilvægt að grundvöllur þessarar umræðu verði spurningin um það hvernig skapa skuli sem best lífskjör á Íslandi í framtíðinni og að stjórnmalamenn nálgist þessa umræðu á hlutlausan hátt.“

Marorka hlaut vaxtarsprotann 2007

Fyrirtækið Marorka ehf. hlaut „Vaxtarsprotann 2007“ sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Marorka jók veltu sína milli ára 2005 og 2006 um 87,5%, sem var mesti vöxtur sprotafyrirtækis á þessu tímabili. Jafnframt hlutu fyrirtækin Gagarín ehf., Stíki ehf. og Stjörnu-Oddi hf. viðurkenningu fyrir góðan vöxt síðustu ár.

Fjögur fyrirtæki heiðruð

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík í tengslum við sýninguna Tækni og vit 2007. Það var Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem veitti dr. Jóni Ágústi Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Marorku, Vaxtarsprotann 2007 í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni við hátíðlega athöfn á föstudagskvöld.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli ára 2005 og 2006, en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í „2. deild“, þ.e. flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10–100 milljónir hlutu fyrirtækin Gagarín og Stíki viðurkenningu en í „1. deild“, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100–1.000 milljónir fengu fyrirtækin Marorka og Stjörnu-Oddi viðurkenningu. Eins og fyrr segir þótti Marorka fremst meðal jafningja.

Hugvit og ötul þróunarvinna

Marorka er tæknifyrirtæki sem vinnur að þróun tölvukerfa sem lágmarka olíunotkun skipa og draga þar með úr mengun og eldsneytiskostnaði. Fyrirtækið var stofnað í júní 2002 með þremur starfsmönnum en í dag eru starfsmenn 24.

„Marorka er vel að þessari viðurkenningu komin, enda er fyrirtækið frábært dæmi um hvernig byggja má öflugt og ört vaxandi fyrirtæki á hugviti og ötulli þróunarvinnu,“ segir Davíð Lúðvíksson, formaður dómnefndar Vaxtarsprotans. Hann sat í dómnefnd fyrir hönd Samtaka iðnaðarins auk Snæbjörns Kristjánssonar frá Rannsóknamiðstöð Íslands og Páls Kristjáns Pálssonar frá Háskólanum í Reykjavík.

Meginviðmið dómnefndar er hlutfallslegur vöxtur í veltu milli tveggja síðustu ára. Þá þarf fyrirtækið að uppfylla skilgreiningu um sprotafyrirtæki – þ.e. að verja meira en 10% af veltu í rannsókn- og þróunarkostnað að meðaltali fyrir bæði árin. Heildarvelta fyrra ársins þarf að vera yfir 10 milljónum en undir einum milljarði króna. Þá þarf frumkvöðullinn eða frumkvöðlarnir að vera til staðar í fyrirtækinu og fyrirtækið má ekki vera að meirihluta í eigu „stórfyrirtækis,“ fyrirtækis á aðallista kauphallar eða vera sjálft á aðallista kauphallar.

Vaxtarsprotinn veittur árlega

Þetta er í fyrsta skipti sem Vaxtarsprotinn er afhentur, en hann verður veittur árlega hér eftir. Tilgangurinn með veitingu hans er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Vaxtarsprotinn er farandgripur úr áli og steini, gefinn af Samtökum iðnaðarins, en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar. Fyrirtækin fjögur sem hlutu viðurkenningar fengu auk þess sérstök viðurkenningarskjöl.



Heiðraður Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, tók við Vaxtarsprotanum 2007 fyrir skemmstu.

ICEBANK



SNERPA

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum, fagfjárfestum og öðrum stærri aðilum.



www.icebank.is

H2 Kennun

Fréttir á SMS
mbl.is



Vorið kallar á þig




Í meira en 50 ár hafa Íslendingar notað steypu frá BM Vallá til margvíslegra framkvæmda, stórra sem smárra.

Aldrei áður höfum við getað boðið viðskiptavinum okkar jafnmikið vöruval og öfluga þjónustu. Hvort sem um er að ræða byggingar, veitulagnir eða fegrun umhverfisins, tryggir áratuga reynsla starfsmanna okkar örugga og faglega ráðgjöf.

Hafðu samband nú þegar vorið nálgast og framkvæmdagleðin eykst.

Lausnin kann að vera nær en þú heldur.



BM·VALLÁ